

**SKOÐUN** Elín Björg Jónsdóttir varar við misskiptingu í heilbrigðismálum. 12



**LÍFIÐ** Íslenska kvikmyndin Nei er ekkert svar snýr aftur á hvíta tjaldið í kvöld. 26



**SPORT** Fyrrverandi formaður dómaranefndar IHF segir HM í handbolta hafa lyktað af spillingu. 22



Við kynnum Philips Ambilight 9000 sjónvörpin
Engin venjuleg upplifun
með Android
PHILIPS
Heimilistæki ht.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
3. febrúar 2015
28. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



### Segir reglur ekki brotnar

Deildarstjóri almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra segir engar reglur hafa verið brotnar þegar ABC-fréttastofan fékk leyfi til að senda út morgunþátt sinn frá lokuðu svæði við Holuhraun. 6

**Tilboðin lág** Hæsta boð í St. Jósefsspítala í Hafnarfirði hljóðaði upp á rúm 23 prósent af fasteignamati hússins. 2

**Vill hjálpa Grikkjum** Barack Obama Bandaríkjaforseti segir nauðsynlegt að hjálpa Grikkjum til hagvaxtar frekar en að leggja áherslu á niðurskurð. 6

**Nýr sendiherra Bandaríkjanna** Vonast til að geta nýtt reynslu úr fyrri störfum til að styðja við aukin viðskipti Bandaríkjanna og Íslands. 8




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -3° | SSV | 9 |
| Akureyri | -2° | SV | 3 |
| Egilsstaðir | -6° | SV | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | -6° | SV | 3 |
| Reykjavík | -4° | SA | 5 |

**Þykknar upp** Í dag má búast við köldu og björtu veðri framan af degi. Síðdegis þykknar upp og hvessir norðvestan og vestan til og einnig dregur úr frosti. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Bílar | Fólk







**BÍÐA Í FLEIRI ÁR** Hælisleitendur mótmæltu í gær fyrir utan innanríkisráðuneytið löngum málsmeðferðartíma í málum sínum. Þriggja barna móðir hefur beðið svara í tæp tvö ár. Sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Prómens áfram hér

**Flutningur höfuðstöðva Promens mun ekki hafa áhrif á innlenda framleiðslu. Fyrirtækið vildi undanþágu frá gjaldeyrishöftum til fjárfestinga erlendis. Höfum ekki veitt slíkar undanþágur, segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri.**

**VIÐSKIPTI** Flutningur höfuðstöðva fyrirtækisins Promens úr landi mun ekki hafa áhrif á starfsemi fyrirtækisins á Dalvík. Fyrirtækið sem var í eigu Framtakssjóðs Íslands og Landsbankans hefur verið selt erlendu fyrirtæki.

Promens er stór vinnustaður á Dalvík, sem áður hét Sæplast. Bjarni Th. Bjarnason, sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar, segir fyrirtækið áfram verða stóran hluta af atvinnulífi í bænum og að ekkert fararsnið sé á verksmiðjunni.

„Ég heyrði af mögulegum flutningi höfuðstöðva fyrirtækisins seint í haust. En miðað við þær upplýsingar sem ég hef þá verða engar breytingar á innlendri starfsemi fyrirtækisins. Stutt er síðan þeir stækkuðu við sig hér á Dalvík og tóku í notkun nýjan ofn í framleiðsluna. Þannig að það er frekar sóknarhugur í fyrirtækinu hér,“ segir Bjarni.

Fyrirhugaður flutningur höfuðstöðva fyrirtækisins er tilkominn vegna þess að Seðlabankinn hafnaði beiðni fyrirtækisins um undanþágu frá gjaldeyrishöftum. Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, spurði forsætisráðherra um afstöðu hans á þingi í gær. Sagði Árni þekkingarfyrirtæki flytja unnvörpum úr landi vegna gjaldeyrishafta.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagði að fyrirtækið hefði verið selt í nóvember síðastliðnum og viljað fá afslátt af gjaldeyri til að nota til fjárfestinga erlendis. Þessar upplýsingar hefði hann fengið í samtali við Má Guðmundsson seðlabankastjóra.

Már segir fyrirtækið hafa viljað kaupa gjaldeyri á afslætti, fram hjá gjaldeyrisútboði Seðlabankans, fyrir nokkra milljarða króna. „Seðlabankinn hefur ekki veitt slíkar undanþágur. Hins vegar get ég ekki tjáð mig um einstaka viðskiptavini bankans,“ segir Már.

Samtök iðnaðarins hafa óskað eftir fundi með forystumönnum ríkisstjórnarinnar vegna málsins.



> **Miðað við þær upplýsingar sem ég hef þá verða engar breytingar á innlendri starfsemi fyrirtækisins.**
>
> *Bjarni Th. Bjarnason, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar*

Telur Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri samtakanna, þetta dæmi um alvarlegar afleiðingar fjármagnshaftanna. Fleiri fyrirtæki íhugi einnig að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi. Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, hefur tekið í sama streng. Afnám gjaldeyrishafta sé lykilatriði í því að bæta hag íslenskra fyrirtækja.

- sa



**ÁHYGGJUR AF KÖRLUM** Velferðarráðherra vill taka á aðstöðuleysi karlkyns fórnarlamba mansals. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ráðaleysi í mansalsmálum:

## Úrræði skortir fyrir karla

**SAMFÉLAG** Karlar eru líka fórnarlömb mansals en engin úrræði eru í boði fyrir þá. Eygló Harðardóttir velferðarráðherra hefur áhyggjur af stöðu þeirra.

„Karlar og börn eru líka fórnarlömb mansals. Það þarf að huga sérstaklega að aðstöðu fyrir karla og börn. Við höfum náttúrulega aðstöðu fyrir börn fyrir tilstilli barnaverndarnefndar sem er kölluð til þegar upp koma mál er varða börn. En við höfum ekki haft sérstaka aðstöðu fyrir karla. Ég tel mikilvægt að það sé tekið á því,“ segir Eygló. Fátt hefur komið til framkvæmda í aðgerðaáætlun gegn mansali vegna fjárskorts.

- kbg, vh / sjá bls. 10


Hollustan býr í hringnum

## SPURNING DAGSINS



Guðný Hrund, er autt rúm betra en illa skipað?

**„Það er illa skipað að hafa þessi rúm auð.“**

Legurými heilbrigðisstofnunar Hvammstanga eru ekki notuð þar sem ríkið hefur ekki tryggt fjármagn til reksturs. Guðný Hrund Karlsdóttir er sveitarstjóri Húnaþings vestra.

Meðalsykurneysla Íslendinga 60 kíló á ári. Neysla barna jafnvel talin meiri en fullorðinna:

# Matvörur fyrir börn oft óæskilegar

**SAMFÉLAG** Embætti landlæknis stendur fyrir árlegri tannverndarviku 2. til 7. febrúar í samstarfi við Tannlæknafélag Ísland og þetta árið er hún helguð því að kynna landsmönnum mikilvægi þess að draga úr sykurneyslu undir kjörorðinu Sjaldan sætindi og í litlu magni. Meðal sykurneysla hvers Íslendings nemur 60 kílóum á ári. Náttúrulækningafélag Íslands benti á fyrir nokkru að neysluhlutfall barna væri jafnvel enn hærra en hjá fullorðnum.

Embætti landlæknis hefur opnað nýjan vef, sykurmagn.is, þar sem er að finna myndrænar upplýsingar um viðbættan sykur í ýmsum matvælum, einkum sætindum og sykruðum gos- og svaladrykkjum.

Markmið síðunnar er að efla færni barna og foreldra þeirra í fæðuvali. Matvörur sem eru sérstaklega markaðssettar fyrir börn eru oft og tíðum ekki þær æskilegustu fyrir þau. Nokkur dæmi eru tekin á síðunni, þar má til dæmis sjá að í 250 ml fernu af Svala með appelsínubragði er sem nemur 9 sykurmolum en hver sykurmoli er 2 grömm. Í 100 ml af drykknum eru 7,2 grömm af viðbættum sykri.

Í tilefni átaksins var gefið út myndbandið Sykur á borðum, í því er litið inn hjá fjölskyldu sem ætlar að eiga notalega stund við sjónvarpið. Myndbandið verður aðgengilegt á vef Embættis landlæknis á síðunni Tannvernd og á að verða til vitundarvakningar. - kbg



**179 SYKURMOLAR** Ef fjölskylda ætlar að fá sér 500 g af blandi í poka og drekka með því einn lítra af kók hefur hún neytt sem nemur 179 sykurmolum.



**SÓPAÐ AF BÍLNUM** Chicago-búinn Marcus Neris þurfti að grafa bíl sinn úr fönn og sópa af honum áður en hann komst að heiman. FRÉTTBLAÐIÐ/AFP

Íbúar Chicago í Bandaríkjunum eru óvanir mikilli snjókomu:

# Meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó

**BANDARÍKIN, AFP Íbúar í Chicago-fylki í Bandaríkjunum áttu í fullu fangi við að komast úr snjónum eftir mikla snjókomu þar aðfaranótt mánudags. Tæplega 50 sentimetra lag af snjó þakti götur borgarinnar, sem er fimmta mesta snjókoma þar í borg í sögunni.** - fbj

Réttarhöld hafin í Lille:

# Réttað yfir Strauss-Kahn

**FRAKKLAND, AP** Réttarhöldin yfir Dominique Strauss-Kahn hófust í borginni Lille í Frakklandi í gær. Reiknað er með að þau standi í þrjár vikur.

Hann er, ásamt þrettán öðrum, ákærður fyrir tengsl við vændishring og á yfir höfði sér allt að tíu ára fangelsi og hálfa aðra milljón evra í sektir.

Sanrine Vandenschrik, ein vændiskvennanna, segist hafa sagt lögreglunni að ef Strauss-Kahn ætli að halda því fram að hann hafi ekki vitað að þarna hefðu verið vændiskonur á ferð, þá væri hann að reyna að „fá okkur til að trúa því að hann sé einfeldningur og lítur á okkur sem fífl“. - gb

Gjörningur með skópörum:

# Eigendur Kron ósáttir við dóm

**VIÐSKIPTI** Eigendur tískuvöruverslunarinnar Kron verða á fimmtudag með 400 gölluð skópör til sýnis í verslun sinni. Um verður að ræða listrænan gjörning vegna dóms sem féll í Hæstarétti í síðustu viku þar sem þeim var gert að greiða skóframleiðendum samtals 18 milljónir króna. Yfirskriftin verður „Myndir þú kaupa þessa skó með 20 prósenta afslætti?“

Hugrún Árnadóttir segir skópörin sem þau fengu frá framleiðandanum öll vera gölluð en framleiðandinn hafi boðið þeim afslátt. Það vildu þau ekki þiggja en kröfðust þess að skórnir yrðu teknir til baka. Úr varð fyrrgreint dómsmál. - sks

# Líklegt að öllum tilboðum verði hafnað

**Hæsta boð í St. Jósefsspítala í Hafnarfirði hljóðaði upp á um 23 prósent af fasteignamati hússins. Ríkiskaup annast sölu hússins sem er í eigu Hafnarfjarðarbæjar og ríkisins. Upphæðin kom mér ekki á óvart, segir bæjarstjóri Hafnarfjarðar**

**HEILBRIGÐISMÁL** Haraldur Líndal Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segir lágt tilboð í St. Jósefsspítala í Hafnarfirði ekki hafa komið sér á óvart. Hann telur ólíklegt að gengið verði að 85 milljóna króna tilboði í eignina.

Hæsta tilboð sem barst í húsnæðið hljóðaði upp á 85 milljónir króna sem er langt undir fasteignamati hússins. Sjúkrahúsið er í sölumeðferð hjá Ríkiskaupum og var hæsta tilboð frá fyrirtækinu Stofnási ehf., sem hefur áform um að breyta húsnæðinu í hótel eða íbúðir.

St. Jósefsspítali er í eigu Hafnarfjarðarbæjar og ríkissjóðs. Hafnarfjarðarbær á 15 prósenta hlut í eigninni á móti 85 prósentum ríkisins. Fasteignamat húsnæðisins hljóðar upp á 382 milljónir króna og því er hæsta boð í húsnæðið langt undir því eða um fjórðungur af fasteignamati.

Haraldur segir gott að vita hvað markaðurinn er tilbúinn að greiða fyrir eignina en telur ólíklegt að gengið verði að þessu tilboði. „Upphæð hæsta tilboðsins kom mér ekki á óvart, ég verð að viðurkenna það. Ég átti von á því að hæsta tilboð yrði einhvers staðar undir hundrað milljónum. Það var vilji ríkisins að fara þessa leið og nú vitum við hvað markaðurinn er tilbúinn að greiða fyrir húsið,“ segir hann.

Gunnar Gunnarsson, eigandi Stofnáss ehf., sem átti hæsta tilboðið í fasteignina, telur að það þurfi að breyta húsnæðinu fyrir um 200 milljónir til að koma því í gang. „Það er útséð um það að heilsutengd starfsemi verði í húsinu. Menn hafa reynt það. Ég bauð í húsnæðið með fyrirvara um breytingu á starfsemi í húsinu,“ segir Gunnar. Hann telur ólíklegt að boði sínu verði tekið. „Ég á frekar von á því að öllum tilboðum verði hafnað.“

Hugmyndir hæstbjóðanda eru að breyta húsnæðinu í íbúðir eða hótel. Haraldur vill ekki tjá sig um þær hugmyndir að svo stöddu, „Bæjarstjórn mun fjalla um málið á miðvikudaginn næstkomandi. Hins vegar er það alveg ljóst að þessar hugmyndir munu ekki hugnast mörgum, til að mynda hagsmunasamtökum St. Jósefsspítala. Ég tel að þessu tilboði verði ekki tekið og húsið sett aftur í söluferli.“




**ST. JÓSEFSSPÍTALI** Þar hefur engin starfsemi verið um nokkra hríð og hafa Hafnfirðingar barist fyrir því að heilsutengd starfsemi verði í húsinu.



**Það var vilji ríkisins að fara þessa leið og nú vitum við hvað markaðurinn er tilbúinn að greiða fyrir húsið.**

*Haraldur Líndal Haraldsson*

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala lögðu í haust blessun sína yfir söluferli hússins með þeim kvöðum að við mat á tilboðum væri heimilt að horfa til þess hvort starfsemi í húsinu til framtíðar tengdist heilbrigðisþjónustu. sveinn@frettabladid.is






Björgunarsveitir aðstoðuðu sjö ferðalanga sem festust á hálendinu:

# Föst með tvö ung börn í bílum

**BJÖRGUN** Viðamikil björgunaraðgerð stóð yfir í gær á Norðurlandi en 22 björgunarsveitarmenn fóru upp á hálendið til að bjarga sjö íslenskum ferðalöngum, þar af tveimur börnum, sem voru þar fastir í tveimur jeppum. Þrjár björgunarsveitir tóku þátt í aðgerðum, Súlur, björgunarsveit Akureyrar, Hjálparsveitin Dalbjörg frá Eyjafjarðarsveit og Björgunarsveitin Þingey frá Aðaldal.

Fólkið hafði ekki verið í símasambandi síðan klukkan tíu á sunnudagskvöld þegar það óskaði eftir aðstoð björgunarsveitarinnar. Björgunarsveitarmenn komu fólkinu til aðstoðar um áttaleytið í gærmorgun sem var þá heilt á húfi, en það hafði þá hafst við í einum bílanna um nóttina.

„Fólkið var nokkuð vel búið og gerði það rétta, að halda kyrru fyrir í bílnum,“ segir Skúli Árnason, formaður björgunarsveitarinnar Súlna, í samtali við Fréttablaðið. Fólkið var í jeppaferð og hafði komið úr Kerlingafjöllum og var á leið ofan í Bárðardal með viðkomu í Bárðarfelli. Er þessi leið töluvert algeng að sögn Skúla. „Einn bílanna bilaði og stoppuðu hinir bílarnir til þess að veita aðstoð en festust í kjölfarið. Þau festu sig á Dragleið sem er á milli Laugafells og Sprengisandsleiðar.“ Fólkið kom heilt á húfi til Akureyrar um níuleytið í gærkvöldi og fékk heita súpu. Skúli segir ferðalangana alla mjög þreytta og uppgefna, einnig björgunarsveitarmennina. „Þetta er búinn að vera mjög langur sólarhringur hjá þeim öllum.“ - ngy



**BJARGAÐ** Ferðalangarnir sem festust á hálendinu aðfaranótt mánudags eru komnir heilir á húfi til byggða.








**Comfortline Sport**

- R-Line útlit
- Skyggðar rúður
- Sportsæti
- Xenon ljós með LED dagljósum
- Panoramic sóllúga
- 17" Dijon felgur með sportfjöðrun

**Verð** **4.030.000 kr.***

*Sjálfskiptur, 122 hestöfl.

Aukabúnaður á mynd: 18" álfelgur.

Eftir að hafa verið valinn **bíll ársins í Evrópu** og **heimsbíll ársins** hefur Volkswagen Golf nú verið valinn **bíll ársins 2015 í Norður Ameríku**. Með þessu hefur nýi Golfinn hlotið meira en 30 viðurkenningar og hönnunarverðlaun síðan hann var fyrst kynntur árið 2012. Skelltu þér með í sigurför Volkswagen Golf sem hefur verið nær óslitin síðan 1973.

**Volkswagen Golf kostar frá:**

## 3.370.000 kr.*

*Golf Trendline, 1,4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

**Das Auto.**

Velkomin í reynsluakstur!

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## SVONA ERUM VIÐ



**268** **prósenta aukning varð á verðmæti hvers tonns af útfluttum skelfiski milli 2003 og 2013.**

Fyrra árið fengust tæplega 400 þúsund krónur á tonnið en nærri 1,5 milljónir króna á tonnið árið 2013.

*Byggt á tölum Hagstofunnar*

Úr minnisblaði Hafsteins Þórs lektors til Ólafar Nordal innanríkisráðherra:

# Leggja línur fyrir aðstoðarmenn

**STJÓRNMÁL** Hafsteinn Þór Hauksson, lektor í lögfræði við Háskóla Íslands, telur að tilefni kunni að vera fyrir innanríkisráðherra til að leggja skýrar línur um störf aðstoðarmanna sinna.

Þetta kemur fram í minnisblaði Hafsteins Þórs til Ólafar Nordal innanríkisráðherra, en Ólöf bað Hafstein að rýna í álit umboðsmanns Alþingis um samskipti Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra og Stefáns Eiríkssonar, lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu.



**HAFSTEINN ÞÓR HAUKSSON**

Hafsteinn segir að í ljósi tvíþætts hlutverks ráðherra við pólitíska stefnumótun annars vegar og sem handhafa stjórnsýslunnar hins vegar sé það ef til vill eðlilegast að ráðherra leggi þá línu að pólitískir aðstoðarmenn kalli ekki eftir gögnum frá undirstofnunum er varða mál sem eru til stjórnsýslulegrar meðferðar.

Hafsteinn Þór telur að því fylgi augljóslega vandi að lögregla rannsaki ráðherra, sem er æðsti yfirmaður lögreglunnar. Samkvæmt upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu er fátt í minnisblaðinu sem kallar á sérstök viðbrögð frá Ólöfu. En minnisblaðið hefur verið sent til forsætisráðuneytisins sem innlegg í þá vinnu sem þar fer fram varðandi hlutverk aðstoðarmanna, siðareglur og formreglur. **- ngy**

Flokkur á mikilli siglingu:

# Píratar mælast með 12 prósent

**STJÓRNMÁL** Stuðningur við Pírata hefur meira en tvöfaldast frá kosningum. Fylgi við flokkinn mælist nú tæp 12 prósent en hann hlaut 5 prósent í alþingiskosningum. Þetta kemur fram í nýjum Þjóðarpúlsi. Samfylkingin mælist með 18 prósent og Vinstri grænir með 11 prósent. Framsóknarflokkurinn bætir við sig fylgi og er með rúmlega einu prósenti meira fylgi en Píratar og nýtur nú stuðnings 13 prósenta kjósenda. **- kbg**



**HJÚKRUNARFÓLK Í MONRÓVÍU** Æ færri smitast nú af ebóluveirunni en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ebólufaraldurinn dvínar:

# Tilraunir með bóluefni hefjast

**LÍBERÍA, AP** Fyrstu tilraunir með bóluefni gegn ebólu hófust í Líberíu í gær. Í höfuðborginni var efnt til mikilla hátíðarhalda af þessu tilefni.

Tónlistarmenn komu fram og sungu lög með textum sem útskýra tilganginn með tilrauninum, en margir íbúar landsins eru afar tortryggnir gagnvart bóluefninu.

Ebólufaraldurinn er á hægu undanhaldi, en hann hefur smitað nærri 22 þúsund manns og kostað nærri níu þúsund manns lífið. Ástandið hefur verið verst í Síerra Leóne, Líberíu og Gíneu. **- gb**

Vanræksla í sundlaugum:

# Stjórnvaldssekt lögð á borgina

**NEYTENDUR** Neytendastofa hefur í kjölfar eftirlits með verðmerkingum í sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu sektað Reykjavíkurborg um 100 þúsund krónur þar sem ekki hafði verið farið að fyrirmælum um að bæta merkingar þegar eftirliti var fylgt eftir. Á vef Neytendastofu segir að í Vesturbæjarlaug og Árbæjarlaug hafi vantað verðmerkingar á söluvörur þegar farið var í seinni heimsókn. Í þremur sundlaugum af þeim fimm sem gerðar voru athugasemdir við höfðu merkingar verið bættar. **- ibs**

# Þriggja barna móðir hefur beðið í tvö ár eftir svörum

**Hælisleitendur mótmæltu löngum málsmeðferðartíma. Hafa beðið í marga mánuði í óvissu um hvað taki við. Blaðamaður frá Alsír með þrjú ung börn kom hingað fyrir um tveimur árum og bíður enn eftir svörum frá ráðuneytinu. Hún vonast eftir að fá hæli hér fyrir sig og börnin sín þrjú til þess að geta skapað þeim öryggi.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Hópur hælisleitenda mótmælti í gær löngum málsmeðferðartíma í málum þeirra. Allir búa þeir í Reykjanesbæ og mótmæltu því hversu langan tíma það taki að afgreiða umsóknir þeirra um hæli hérlendis.

Fréttablaðið fylgdist með mótmælunum. Meðal mótmælenda var Feriane Amrouni, þriggja barna einstæð móðir frá Alsír, sem beðið hefur í tæp tvö ár í óvissu um það hvort hún og börn hennar fái hæli hérlendis. Hún mætti með börn sín þrjú á mótmælin. „Ég var blaðamaður í Alsír og bjó við mjög slæmar aðstæður. Ég kom hingað til þess að tryggja öryggi barnanna minna,“ segir hún.

Hópurinn mætti fyrst til að mótmæla fyrir framan innanríkisráðuneytið en fékk þá þær upplýsingar að kærunefnd útlendingamála sem nýlega tók til starfa hefði aðsetur í húsnæði stjórnarráðsins við Skuggasund. Hópurinn hélt þangað í þeirri von að fá svör við spurningum sínum. „Við erum þreytt á því að yfirvöld hundsi okkur, það vill enginn tala við okkur. Við fáum engin svör,“ segir Adam Ibrahim Pasha.

Útlendingastofnun synjaði umsókn hans um hæli í október en hann kærði synjunina til innanríkisráðuneytisins í sama mánuði. Samkvæmt lögum ráðuneytisins átti hann að fá svör innan þriggja mánaða en hefur enn engin svör fengið.

Þegar komið var í húsnæði stjórnarráðsins stillti hópurinn sér upp í anddyrinu með mótmælaskilti. Niður kom formaður kærunefndarinnar og hlustaði á hópinn sem Adam er í forsvari fyrir.

„Ég bið ykkur að sýna þolinmæði. Ég veit ég er að biðja um mikið en ég get ekki lofað neinu. Það er nýbúið að flytja þessi mál hingað og við erum að setja okkur inn í þetta. Það mun einhverjum málum ljúka í þessum mánuði. Ég vildi að ég gæti gefið ykkur einhverja dagsetningu en ég get það ekki,“ sagði Hjörtur Bragi Sverrisson, formaður nefndarinnar.

„Getur þú þá allavega lofað að það verði eitthvað gert í hennar málum? Hún er með þrjú börn,“ sagði einn í hópnum og benti á Feriane. „Hún er búin að bíða í næstum tvö ár, hún verður að fá einhver svör,“ sagði hann.

„Ég hef enga von fyrir mig og börnin. Okkur langar að búa hér,“ sagði Feriane.

Hjörtur hlustaði á raunalegar sögur hælisleitendanna. Flestir höfðu flúið föðurlandið ýmist vegna ofsókna eða stríðsástands. Sumir flækst milli landa í von um öruggan stað undanfarin ár. Það var augljóst að það reyndist þeim erfitt að segja sögu sína. „Gerðu það, hjálpaðu mér,“ sagði einn hælisleitendanna með tárin í augunum. „Við viljum bara vera örugg.“

Hælisleitendurnir segja allir að biðin taki mikið á og eins óvissan sem fylgi því að vita ekki hvað verði. Meðan þeir eru hér mega þeir ekki vinna og bíða örlaga sinna í algjörri óvissu.

**viktoria@frettabladid.is**



**MÓTMÆLENDUR** Hópurinn mótmælti því hversu langan tíma tæki að afgreiða mál þeirra. Á meðan bíði þeir í algjörri óvissu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ELSTU MÁLIN SETT Í FORGANG

„Það er mjög alvarlegt. Þetta er eitthvað sem ég vonast til að komi ekki til með að gerast undir þessari nefnd,“ segir Hjörtur Bragi Sverrisson, formaður kærunefndar um útlendingamál, um mál Feriane. Hann tók við starfinu 14. janúar og segir 105 mál vera á borði nefndarinnar. Flest málin séu frá 2014 en einhver þeirra frá 2013. Það verður sett í forgang að afgreiða þau. Hjörtur segir það hafa verið gott að hitta hælisleitendurna og heyra þeirra sögur. „Mér finnst mjög mikilvægt að það sé þessi samræða milli hælisleitenda og þeirra sem fara með þeirra mál. Mér finnst gott að heyra frá þeim og skilja betur þeirra sjónarmið.“

Hann segist telja að málsmeðferð í þessum málum hafi hingað til verið vönduð og of snemmt sé að segja til um hvort hún komi til með að breytast eitthvað með nýstofnaðri kærunefnd.

„Hugmyndin er að tryggja að réttindi þeirra séu tryggð. Að við förum að íslenskum lögum og þeim skuldbindingum sem við erum bundin af á sviði mannréttinda og flóttamannaréttar,“ segir hann.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 15° | Friedrichshafen | 0° | New York | -4° |
| Aþena | 14° | Gautaborg | -1° | Orlando | 18° |
| Basel | 3° | Kaupmannahöfn | -1° | Ósló | -6° |
| Berlín | 1° | Las Palmas | 18° | París | 2° |
| Billund | -1° | London | 5° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 0° | Mallorca | 13° | Stokkhólmur | 0° |




**Á MORGUN** Víða nokkuð hvasst og stormur um tíma, einkum N-til.




**FIMMTUDAGUR** Strekkingur N-til, annars hægari vindur.

**HLÝNAR** Það verður bjart og kalt veður fram eftir degi, þá hvessir og þykknar upp NV- og V-til og horfur eru á úrkomu í nótt og fyrramálið. Á morgun eru horfur á suðvestanstormi um tíma, einkum N- og NV-til. Það hlýnar heldur í veðri næstu daga.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# 99,9%

## LANDSMANNA NÁ NÚ STAFRÆNUM HÁSKERPU ÚTSENDINGUM Í GEGNUM SJÓNVARPSKERFI VODAFONE - STÆRSTA DREIFIKERFI LANDSINS



Í kjölfar samnings við RÚV um að Vodafone dreifi öllu þeirra sjónvarpsefni, er lokið stórum áfanga við uppbyggingu á dreifikerfi Vodafone, þannig að nú hafa 99,9% landsmanna aðgang að stafrænum útsendingum og sjónvarpi framtíðarinnar. Þetta þýðir útsendingar í háskerpu, aukin myndgæði og aðgangur að fleiri stöðvum en áður.

Fáðu allar frekari upplýsingar í næstu verslun Vodafone, í síma 1414 eða á vodafone.is

**Vodafone**

Góð samskipti bæta lífið

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir íþróttamaðurinn sem setti Íslandsmet í bæði 200 og 400 m hlaupi um helgina?
**2.** Hvaða fyrirtæki hefur fengið styrk til að halda áfram vöruþróun úr fiskroði?
**3.** Á vegum hvaða tímarits keppir fatahönnuðurinn Elísabet Karlsdóttir?

**SVÖR:**
1. Kolbeinn Höður Gunnarsson. 2. Codland í Grindavík. 3. Á vegum ítalska Vogue.

Utanríkisráðuneytið aftur byrjað að greiða fyrir markaðsstörf Baldvins Jónssonar:

# Skilaði stöðuskýrslum og fékk 7,5 milljónir

**STJÓRNSÝSLA** Greiðslur til Baldvins Jónssonar fyrir kynningu á íslenskum vörum í Bandaríkjunum voru teknar upp að nýju í utanríkisráðuneytinu eftir að Baldvin skilaði skýrslum um framvindu verksins.

Utanríkisráðuneytið borgar Baldvini samtals 36 milljónir fyrir markaðsstörf á þessu ári og í fyrra.

Baldvin fékk ekki umsamda 4,5 milljóna króna greiðslu í september. Ráðuneytið sagði Baldvin ekki hafa skilað inn tilskildum skýrslum um framvindu verkefnisins.



**BALDVIN JÓNSSON**

„Það er ágreiningur um það sem ég vil gera til þess að hlíta samningum sjálfum,“ útskýrði hann í samtali við Fréttablaðið í október.

Baldvin skilaði inn tveimur skýrslum í nóvember og desember og fékk í kjölfarið septembergreiðsluna upp á 4,5 milljónir króna og þriggja milljóna króna desembergreiðslu.

„Að mati stjórnar voru þessi gögn fullnægjandi samkvæmt samningnum og grundvöllur til greiðslna sem getur um í samningi fyrir september og desember,“ segir Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins.

Að sögn Urðar tók stjórn verkefnisins ekki saman nein gögn um það sem Baldvin lagði fram.

Í annarri skýrslunni kveðst hann ætla að reyna til þrautar að ná mönnum saman um sameiginlega vinnu á sviði markaðsmála.

„Sem því miður er nánast ekki til staðar – jafn augljóst og það er að hagsmunir geta vel farið saman og sparað umtalsverða fjármuni en um leið aukið verðmætin,“ segir hann. **- gar**

Tilraun í Gautaborg:

## Vinna minna á fullum launum

**SVÍÞJÓÐ** Sjötíu starfsmenn á heimili fyrir aldraða í Gautaborg vinna nú sex klukkustundir á dag í stað átta og halda fullum launum.

Um er að ræða tilraunaverkefni sem standa á í eitt ár. Fylgst verður með hvaða áhrif styttri vinnutími hefur á heilsu starfsfólks og á störf þess til að geta metið hvort sex tíma vinnudagur komi í framtíðinni til greina hjá sveitarfélaginu. Ráða þarf 14 nýja starfsmenn vegna verkefnisins. Fjárframlög vegna þess eru átta milljónir sænskra króna eða um 128 milljónir íslenskra króna. **- ibs**



**SKIP SAMHERJA** Fyrirtækið er eitt það umsvifamesta í sjávarútvegi á Íslandi. MYND/SAFN SAMHERJI

Samherji semur við Sjóvá:

## Sjá um vátryggingar í þrjú ár

**VIÐSKIPTI** Samherji hefur samið við Sjóvá um öll vátryggingaviðskipti fyrirtækisins og tengdra félaga á Íslandi til næstu þriggja ára. Samningurinn er gerður í framhaldi af flutningi trygginga Samherja og tengdra félaga til Sjóvár í ársbyrjun 2014.

„Samherji er eitt umsvifamesta sjávarútvegsfyrirtæki landsins sem krefst sérhæfðrar tryggingaverndar. Samstarf til þriggja ára tryggir bestu þjónustu af hendi Sjóvár, sem rekur öflugt útibú á Akureyri þar sem Samherji er með höfuðstöðvar,“ segir Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvár. **- ngy**



**JANIS VARÚFAKIS** Fjármálaráðherra nýju grísku stjórnarinnar hélt í gær á fund George Osborne, hins breska starfsbróður síns, í Downingstræti númer ellefu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Tsipras undrandi á velvilja Evrópuríkja

**Obama Bandaríkjaforseti segir nauðsynlegt að hjálpa Grikkjum til hagvaxtar frekar en að leggja áfram alla áherslu á niðurskurð. Ráðamenn nokkurra Evrópuríkja hafa tekið í sama streng. Fjármálaráðherra Grikklands segist bjartsýnn.**

**GRIKKLAND** Barack Obama Bandaríkjaforseti kom grísku stjórninni til varnar í gær og sagði frekari niðurskurð ekki nauðsynlegan í bili í Grikklandi, heldur þyrfti að hjálpa Grikkjum að auka hagvöxtinn.

„Það er ekki hægt að halda áfram að þrengja að ríkjum sem eru í miðri efnahagskreppu,“ sagði Obama í viðtali á sjónvarpsstöðinni CNN.

George Osborne, fjármálaráðherra Bretlands, sagði einnig nauðsynlegt að leggja áherslu á hagvöxt og hvatti til þess að evruríkin gerðu betri áætlun um hagvöxt og atvinnumál.

Þetta sagði hann eftir að Janis Varúfakis, fjármálaráðherra grísku stjórnarinnar, hélt á fund hans í London í gær. Osborne tók samt fram að óhjákvæmilegt væri að Grikkir sýndu ábyrgð.

Varúfakis hefur verið á ferðalagi um Evrópuríki undanfarið, og segir viðtökurnar þess eðlis að Grikkir geti verið bjartsýnir á að nýtt samkomulag um skuldavanda Grikklands geti tekist innan fárra mánaða.

Þannig sagði Michel Sapin, fjármálaráðherra Frakklands, að Frakkar væru reiðubúnir að hjálpa Grikkjum við að komast að samkomulagi við lánardrottna sína. François Hollande Frakklandsforseti hefur einnig sagst reiðubúinn að ræða við Grikki um hugsanlegar lausnir á þeim gríðarmikla skuldavanda sem hrjáir gríska ríkið. Grikkir verði samt að standa við skuldbindingar sínar gagnvart evrusvæðinu.

Alexis Tsipras, forsætisráðherra nýju stjórnarinnar í Grikklandi, sagðist í gær undrandi á því hve góðan hljómgrunn málstaður hans hefði fengið í Evrópu.

SYRIZA, vinstriflokkur Tsipras, vann stórsigur í þingkosningum fyrir rúmri viku út á loforð um að nú verði horfið frá því að leggja alla áherslu á að greiða niður skuldir gríska ríkisins, heldur fara frekar að huga að því að efla hagvöxtinn.

Gríska ríkið skuldar enn 315 milljarða evra, jafnvirði nærri 50.000 milljarða króna, eða um það bil 175 prósent af vergri landsframleiðslu Grikklands.

Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, segir réttast að leggja niður þríeykið svonefnda, sendinefnd Evrópusambandsins, Evrópska seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem stýrt hefur samningum við grísk stjórnvöld um skuldavanda ríkisins. „Við þurfum að finna aðra leið og það hratt,“ sagði hann í blaðagrein í gær.

Þeir Juncker og Tsipras ætla svo að hittast á morgun til að ræða næstu skref. **gudsteinn@frettabladid.is**



**HARMA ÁKVÖRÐUNINA** Félag sjúkraþjálfara fékk samning um rekstur endurhæfingarrýma ekki framlengdan. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Endurhæfingarrými lokað:

## Mikilvægri starfsemi hætt

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórnvöld ætla ekki að endurnýja samning Félags sjúkraþjálfara við Hrafnistu um rekstur endurhæfingarrýma sem ætluð eru öldruðum sem enn búa í eigin húsnæði. Félag sjúkraþjálfara segist harma þá ákvörðun í fréttatilkynningu og leggur áherslu á að endurhæfing sé ein alhagkvæmasta meðferð fjármuna í heilbrigðiskerfi okkar.

„Þessi gjörningur er í hróplegri andstöðu við það markmið að efla getu og færni fullorðins fólks til að halda eigið heimili eins lengi og auðið er,“ segir í tilkynningunni. **- ngy**

Sænska stjórnarandstaðan:

## Skólaslit verði leyfð í kirkjum

**SVÍÞJÓÐ** Bandalag stjórnarandstöðuflokkanna í Svíþjóð vill ásamt Svíþjóðardemókrötum leyfa skólaslit í kirkjum þegar á komandi sumri.

Nú má eingöngu fjalla um trú í trúarbragðafræðslu og í sumum skólum hefur það verið túlkað sem svo að skólaslit megi ekki fara fram í kirkju, að því er segir á fréttavef Sænska dagblaðsins. Verði breytingin á skólalögunum samþykkt verður einnig leyfilegt að nefna Jesú og syngja sálma. **- ibs**

ABC fékk leyfi til að senda út morgunþátt við gosstöðvarnar í Holuhrauni:

# Engar reglur brotnar við leyfið

**STJÓRNSÝSLA** Víðir Reynisson, deildarstjóri almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, segir engar reglur hafa verið brotnar þegar bandarísku fréttastofunni ABC var veitt leyfi til að senda út morgunþátt sinn frá lokuðu svæði við gosstöðvar í Holuhrauni.

Umboðsmanni Alþingis barst um helgina erindi þess efnis að fréttastofan bandaríska hefði fengið sérmeðferð og talið var að umsókn um að komast á lokað svæði hefði fengið hraðari meðferð. Umboðsmaður staðfestir að erindið hafi verið móttekið.



**VÍÐIR REYNISSON**

Víðir telur þá meðferð sem ABC-fréttastofan fékk ekki á nokkurn hátt frábrugðna því vinnulagi sem almannavarnadeildin vinni eftir.

„Umsóknin var innan allra þeirra marka sem við höfum sett okkur varðandi aðgang að lokuðu svæði vegna eldsumbrota í Bárðarbungu og eldgoss í Holuhrauni. Þarna hafi verið á ferðinni þrettán fréttamenn og tæknimenn. Fjórtán mönnum er heimilt að vera á svæðinu í einu. Má einnig segja að gerðar hafi verið meiri kröfur til öryggis þeirra. Fréttastofan ætlaði sér að nota einungis þyrlur við flutninga á fólki en við gerðum kröfu um að einnig væri hægt að flytja fólk á jörðu niðri. Því þurfti þessi aðili að kosta meiru til í þjónustu,“ segir Víðir. „Allir fá sömu meðferð hjá okkur og enginn hefur hingað til fengið neina sérmeðferð.“ **- sa**



**HOLUHRAUN** ABC-fréttastofan sendi morgunþátt sinn Good morning America frá lokuðu svæði við Holuhraun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


SUZUKI
Way of Life!
ÞÚ KEMST
ALLA LEIÐ!
S-CROSS
VERÐ FRÁ KR.
4.410.000
SX4
S-CROSS
Suzuki
S-CROSS er öflugur, fjórhjóladrifinn snillingur með ríkulegan staðalbúnað.
Meðaleyðsla er aðeins 5,7 l/100km.
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
ALLGRIP
All-grip skapar akstursueiginleika í sérflokki.
Komdu og prófaðu. Þú kemst alla leið!
SUZUKI
Suzuki | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Um 3.800 einstaklingar af 7.700 hafa frá upphafi útskrifast frá VIRK :

# Þrír fjórðu virkir á vinnumarkaði

**ATVINNUMÁL** Frá stofnun VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs hafa 3.800 einstaklingar, af þeim 7.700 sem til sjóðsins hafa leitað, „útskrifast“ eða lokið þjónustu frá sjóðnum. Fram kemur á vef sjóðsins að við útskrift hafi 74 prósent þeirra verið virk á vinnumarkaði.

Þessir tæplega þrír fjórðu útskrifaðra hafi þá ýmist farið beint í launað starf, virka atvinnuleit eða í lánshæft nám. Þá komi fram í þjónustukönnun VIRK að 77 prósent svarenda telji í lok þjónustu að hvatning ráðgjafa VIRK hafi styrkt fyrirætlun þeirra um að snúa aftur til vinnu.

Í lok síðasta árs notuðu um 2.400 einstaklingar þjónustu VIRK. Á árinu komu 1.783 nýir inn, samkvæmt upplýsingum sjóðsins, tæpum níu prósentum fleiri en 2013 þegar 1.639 einstaklingar leituðu til VIRK. „1.066 einstaklingar luku þjónustu 2014, um 18,5 prósent fleiri en 2013 en þá útskrifuðust 899,“ segir á vef VIRK. Þar segir jafnframt að vísbendingar séu um að aðsókn að VIRK gæti verið að ná jafnvægi eftir mikinn vöxt undanfarin ár. **- óká**

### ➜ Skráningar hjá VIRK síðustu ár

| Ár | Fjöldi |
|---|---|
| 2010 | 1.155 |
| 2011 | 1.304 |
| 2012 | 1.236 |
| 2013 | 1.639 |
| 2014 | 1.783 |

*Heimild: ASÍ*




**HJÁ VIRK** VIRK er sjálfseignarstofnun sem ASÍ og SA stofnuðu í maí 2008, en í ársbyrjun 2009 var svo gerð ný stofnskrá með aðkomu stéttarfélaga og atvinnurekenda á opinberum vinnumarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Afstaða Íslands til Úkraínu er skýr

Robert Barber, sendiherra Bandaríkjanna, vonast til þess að geta nýtt reynslu úr fyrri störfum til þess að styðja við aukin viðskipti Bandaríkjanna og Íslands. Hann varð heillaður í heimsókn sinni til Íslenska sjávarklasans og segir Íslendinga geta nýtt þekkingu sína á jarðhita.

**STJÓRNMÁL** Nýr sendiherra, Robert C. Barber, kom í fyrsta sinn til Íslands föstudaginn 23. janúar síðastliðinn. Hann ætlar að nýta tímann til að skoða landið vel, fyrst Reykjavík og nágrenni, en segist vonandi síðar geta skoðað allt landið.

Bandarískum ferðamönnum hefur fjölgað verulega hérna á landi. Spurður út í það segir Barber að það þýði vissulega að verkefnum sendiráðsins fjölgi. „Það er ýmislegt sem við getum hjálpað með og gerum allt sem við getum. Ég held að Bandaríkjamenn séu í öðru sæti þegar kemur að fjölda ferðamanna á Íslandi og það er frábært. Þetta er allt fólk sem er að koma hingað af góðri ástæðu. Við vildum gjarnan ná fyrsta sætinu.“ En hann bendir líka á að það sé tækifæri til að fjölga íslenskum ferðamönnum í Bandaríkjunum og hann vilji gjarnan ýta undir þá þróun.

Hann segist líka gjarnan vilja leggja sitt af mörkum við að auka viðskipti milli ríkjanna. „Það er beggja hagur að viðskiptin aukist.“

Barber bendir á að hann hafi reynslu af því að starfa með nýsköpunarfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum og unnið með frumkvöðlum. „Ég hlakka til að verða talsmaður á mörgum ólíkum sviðum, þar á meðal viðskiptasviðinu,“ segir sendiherrann.

Barber segist hafa átt fjölda funda síðan hann kom hingað til lands og margir þeirra hafi verið viðskiptafundir. Hann hafi meðal annars fundað með Amerísk-íslenska viðskiptaráðinu og hitt forstjóra fjölda fyrirtækja hérna. „Ég var svo lánsamur að hitta líka fólk úr viðskiptalífinu, og annars staðar frá, í móttöku Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, þegar ég afhenti trúnaðarbréf mitt á miðvikudaginn,“ segir hann.

Þá vekur Barber athygli á því að hann hafi heimsótt Íslenska sjávarklasann. „Það er mjög góður hópur fyrirtækja þar, sem á það sameiginlegt að hafa sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Þar eru svo miklir möguleikar á að flytja þær vörur og þá þjónustu til Bandaríkjanna.“ Ísland eigi líka sóknarfæri vegna þekkingar sinnar á jarðhita. Ekki einungis í samskiptum við Bandaríkjamenn heldur við fleiri aðila. Þessi þekking hafi til að mynda mikla þýðingu fyrir uppbyggingu í Eþíópíu.

Samskipti Íslands og Bandaríkjanna hafa breyst nokkuð frá því sem var á tímum kalda stríðsins. Skiptir Ísland jafn miklu máli fyrir Bandaríkin og áður?

„Íslendingar og Bandaríkjamenn hafa verið miklir bandamenn í marga áratugi, allt frá því að lýðveldið var stofnað. Þjóðirnar eru miklir bandamenn í NATO og Ísland skiptir Bandaríkin virkilega máli,“ segir hann. Bandaríkjamenn hafi kunnað vel að meta þessi tengsl.

„Samskipti þróast með tímanum og ég get ekki haft áhrif á það sem hefur gerst fram að þessum tíma. En ég ætla að gera allt sem ég get til að auka samskiptin, bæði tvíhliða samskipti og líka þar sem við erum hluti af stærri hreyfingum. Norðurskautsráðið er til að mynda vettvangur þar sem ég held að hagsmunir Bandaríkjanna og hagsmunir Íslands fari saman. Það eru margar leiðir, bæði innan ráðsins og í tvíhliða samskiptum og sem félagar í NATO, þar sem Ísland skiptir Bandaríkin miklu máli. Ég vonast til að geta stutt við þau samskipti á meðan ég er hér.“

Barber segir að lokum að Ísland hafi fylgst vel með þróun mála í Úkraínu og Bandaríkjamenn kunni vel að meta það. Hann segist hafa hitt Gunnar Braga Sveinsson utanríkisráðherra á föstudagsmorgun. „Honum hefur verið mjög umhugað um þetta mál og hann hefur verið skýr í afstöðu Íslands til deilunnar í Úkraínu. Bandaríkin kunna vel að meta það. Ísland hefur boðið fram stuðning sinn, ekki bara í orðum heldur líka með gjörðum.“

jonhakon@frettabladid.is




**SENDIHERRANN** Robert C. Barber kom til Íslands í fyrsta skipti 23. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Uppreisnarmenn í Úkraínu búa sig undir átök:

# Liðsauki kallaður út

**ÚKRAÍNA** Uppreisnarmenn í austanverðri Úkraínu segjast ætla að kalla fjölda manns til liðs við sig til að berjast við úkraínska stjórnarherinn og stuðningssveitir hans.

Alexander Sakhartsjenkó, leiðtogi uppreisnarmanna, segir að leitað verði til sjálfboðaliða og liðsöfnunin eigi að hefjast innan tíu daga.

„Þetta er gert til þess að stækka her okkar upp í hundrað þúsund manns,“ sagði hann við fjölmiðla. „Það þýðir ekki að við ætlum að bæta við okkur hundrað þúsund manns, heldur að her alþýðulýðveldanna í Donetsk og Luhansk verði samtals 100 þúsund manna lið.“

Hörð átök hafa verið í landinu undanfarnar vikur. Tilraunir til þess að semja um vopnahlé hafa allar farið út um þúfur og engin lausn er í sjónmáli.

Breska ríkisútvarpið BBC hefur eftir Christopher Miller, blaðamanni í Úkraínu, að afar ólíklegt sé að nægilega margir sjálfboðaliðar fáist. Líklegra sé að fá eigi fleiri rússneska hermenn til liðs við úkraínsku uppreisnarmennina.

Rússnesk stjórnvöld hafa ávallt neitað því að rússneskir hermenn hafi farið til Úkraínu að berjast, en bæði úkraínsk og vestræn stjórnvöld hafa ítrekað fullyrt að þúsundir rússneskra hermanna hafi barist með uppreisnarliðinu. **- gb**



**ÚTFÖR Í KÆNUGARÐI** Úkraínskir hermenn bera félaga sinn til grafar, en hann féll í átökum við uppreisnarmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






**BLINDPUNKTSAÐVÖRUN**
Gerir ökumanni viðvart um hliðarumferð. Góður staðalbúnaður sem eykur öryggi þitt.



**SNJALLHEMLUNARKERFI**
Bráðsnjall staðalbúnaður sem eykur öryggi með því að bregðast við ef stefnir í árekstur.



**BLUETOOTH**
Bluetooth tenging fyrir tónlist og síma. Staðalbúnaður þér til þæginda- og ánægjuauka.



**FJÓRHJÓLADRIF MEÐ GÓÐRI VEGHÆÐ**
Öflugt fjórhjóladrif og 21 cm veghæð ásamt 1800-2000 kg dráttargetu eykur notagildið.




**SKYACTIV SPARTÆKNI**
Sparaðu með SKYACTIV spartækni Mazda. Eyðsla frá aðeins 5,2 - 6,6 l/100 km í blönduðum akstri.

## KOMDU Í REYNSLUAKSTUR

10 ÁRA AFMÆLI MAZDA hjá Brimborg
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Telur vanta úrræði fyrir karlmenn

Karlar eru líka fórnarlömb mansals en engin úrræði eru í boði fyrir þá. Eygló Harðardóttir velferðarráðherra vill bæta stöðu þeirra. Fátt hefur komið til framkvæmda í aðgerðaáætlun gegn mansali. Ólöf Nordal innanríkisráðherra forgangsraðar verkefnum vegna fjárskorts.

**Kristjana Björg Guðbrandsdóttir**
kristjanabjorg@frettabladid.is
**Viktoría Hermannsdóttir**
viktoria@frettabladid.is



Eygló Harðardóttir velferðarráðherra hefur áhyggjur af stöðu karlkyns fórnarlamba mansals. Lítil sem engin úrræði virðast standa fórnarlömbum mansals til boða hérlendis eftir að Kristínarhúsi var lokað. Þar var starfrækt úrræði fyrir kvenkyns fórnarlömb mansals en eftir að því var lokað hefur Kvennaathvarfið tekið við þeim skjólstæðingum sem þurfa aðstoð. Engin úrræði eru hins vegar í boði fyrir karlkyns fórnarlömb mansals eða börn.

„Karlar og börn eru líka fórnarlömb mansals. Það þarf að huga sérstaklega að aðstöðu fyrir karla og börn. Við höfum náttúrulega aðstöðu fyrir börn fyrir tilstilli barnaverndarnefndar sem er kölluð til þegar upp koma mál er varða börn. En við höfum ekki haft sérstaka aðstöðu fyrir karla. Ég tel mikilvægt að það sé tekið á því," segir Eygló.

### Fjölbreyttari mál

Eins og staðan er nú yrði leitað til viðkomandi sveitarfélags eftir neyðaraðstöðu vegna karlkyns fórnarlambs mansals. „Við myndum reyna okkar besta í því að tryggja örugga aðstöðu. Það yrði fundin lausn á þessu en ég hef haft áhyggjur af að við höfum horft of mikið á að mansal sé fyrst og fremst tengt konum. Við höfum ekki horfst í augu við það að mansal nær yfir miklu fjölbreyttari mál. Þetta eru miklu margþættari vandamál en hafa verið í umræðunni á Íslandi. Við eigum að geta unnið þéttar saman í þessum málum, við erum svo lítil þjóð," segir hún.

Eygló segir að ef til vill verði unnið að lausnum á vandanum í nýrri aðgerðaáætlun til fjögurra ára gegn ofbeldi í íslensku samfélagi. „Í nýrri áætlun gegn ofbeldi verður tekið á ofbeldi í heild. Við erum að gera marga góða hluti en þeir eru svolítið úti um allt. Við ætlum að taka á ofbeldi í heild sinni, í öllum sínum birtingarmyndum og mansalsmál geta fallið þar undir."

### Aðstoð til fórnarlamba

Nú er eitt ár eftir af þremur sem áætluð voru til framkvæmda í aðgerðaáætlun gegn mansali.

Í áætluninni eru skilgreindar 25 aðgerðir sem stuðla eiga að forvörnum gegn mansali, aðstoð og vernd við fórnarlömb, árangursríkri rannsókn mansalsmála og samráði og samstarfi þeirra aðila sem koma að mansalsmálum. Þrjár aðgerðir eru á ábyrgð velferðarráðuneytis og snúa þær allar að því að aðstoða fórnarlömb mansals. Að tryggja að öllum fórnarlömbum mansals standi til boða líkamleg, félagsleg og sálræn aðstoð óháð lögheimilisskráningu og því hvort viðkomandi sé í lögmætri eða ólögmætri dvöl. Tryggja öruggt húsnæði fyrir öll fórnarlömb mansals og skoða möguleika á því að þróa úrræði til að bæta félagslega færni og andlega líðan.

### Þurftu að tryggja fjármagn

Eygló tekur fram að aðgerðaáætlun hafi verið komin á áður en hún tók við embætti en telur upp það sem gert hefur verið. „Það var gengið frá samningi við Stígamót um rekstur Kristínarhúss. Síðan var það niðurstaða Stígamóta að þær treystu sér ekki lengur til að reka Kristínarhús og vildu loka því. Í framhaldi þurftum við að tryggja fjármagn, bæði til að efla starfsemi Stígamóta og líka til að tryggja aðstöðu fyrir fórnarlömb, því varð úr að við sömdum við Kvennaathvarfið. Við teljum að með auknu fjármagni geti þær tryggt sálgæslu og ráðgjöf."

Alda Jóhannsdóttir aðstoðarlögreglustjóri segir engin úrræði nýtast fórnarlömbum mansals. Hún segir mikilvægt að úrræðin séu örugg og að starfsemin sé í samræmi við þarfir fórnarlamba. Eygló segir að þó að staðsetningin sé þekkt þá séu umtalsverðar öryggisráðstafanir í Kvennaathvarfinu. „Þar eru myndavélar og annar öryggisbúnaður. Starfsfólk Kvennaathvarfsins er vant því að bregðast við því þegar ofbeldismenn reyna að nálgast fórnarlömb sín."

### Fjármunir skiluðu sér ekki

Alls eru 8,3 milljónir áætlaðar í kostnað vegna aðgerðaáætlunar. Henni er skipt upp í fimm hluta: Forvarnir, aðstoð og vernd fyrir fórnarlömb mansals, rannsókn og saksókn mansalsmála, samstarf og samráð og mat á árangri. Kostnaður er aðeins áætlaður á fyrsta hluta, forvarnir, og lítið sem ekkert fjármagn fylgir áætluninni.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra segir ljóst að þeir fjármunir sem áætlunin gerir ráð fyrir hafi ekki skilað sér og því hafi þurft að tryggja að þau úrræði og aðgerðir sem nauðsynlegt er að ráðast í verði framkvæmd á annan hátt. Hún segir að því hafi verið ákveðið að setja á fót stýrihóp sem raðaði verkefnum í forgang þrátt fyrir skort á fjármunum. „Með því að nýta betur þekkingu og reynslu þeirra aðila sem koma helst að þessum málum og jafnframt leita leiða til að tryggja innleiðingu nauðsynlegra aðgerða þrátt fyrir skort á fjármunum."

Hún segir hlutverk stýrihópsins að forgangsraða aðgerðum og koma í framkvæmd í samráði við nauðsynlega aðila. Kalla til samráðs þá aðila sem hafi þekkingu og aðkomu að mismunandi aðgerðum áætlunar. Miðla þekkingu og halda utan um tölfræði.

### Kortleggja næstu skref

Ólöf segir stýrihópinn hafa verið að kortleggja næstu skref og hvar mesta þörfin sé á að byrja. „Samdóma álit hópsins var að byrja þyrfti á fræðslu og að nýta þá þekkingu sem leynist innan stofnana og samtaka. Var því sett á fót sérstakt fræðsluteymi innan stýrihópsins. Ákveðið var að skipta fræðslunni niður á landsvæði þar sem mismunandi aðilar væru leiddir saman í fræðslu og spjall," segir Ólöf, og segir frá því að búið sé að halda fimmtán fræðslufundi og 300 manns, meðal annars fulltrúar lögreglu, félagsþjónustu, heilsugæslu og verkalýðsfélaga, hafi sótt fræðslu teymisins. „Á fræðslufundunum er farið yfir helstu einkenni mansals, sagt frá ýmsum dæmum og mögulegum úrræðum. Tilgangur þessara fræðslufunda er einnig að þessir aðilar búi síðan til sitt viðbragðsteymi sem hægt sé að leita til ef mansalsmál koma upp á svæðinu."

### Vill mennta dómara og lögreglu

Ólöf segist vilja auka tækifæri lögreglumanna og dómara til menntunar á þessu sviði. „Mig langar til að það komi fram að í mínum huga eru þetta ekki óyfirstíganleg mál. Við höfum kerfi sem hægt er að vinna með og bæta. Vilji minn er að auka tækifæri lögreglumanna og dómara til menntunar á þessu sviði, það er í samræmi við það sem ég hef áður sagt. Að því verður unnið.

Almennt um fræðsluátakið sem staðið hefur verið að er það að segja að hluti af því er að upplýsa mismunandi hópa um málaflokkinn og skapa tengslanet innan kerfisins. Í þessu eins og öðru skiptir fræðsla og upplýsing gífurlega miklu máli. Að því hefur verið unnið og að því stefnum við áfram."



> Karlar og börn eru líka fórnarlömb mansals. Það þarf að huga sérstaklega að aðstöðu fyrir karla og börn. Við höfum náttúrulega aðstöðu fyrir börn fyrir tilstilli barnaverndarnefndar sem er kölluð til þegar upp koma mál er varða börn. En við höfum ekki haft sérstaka aðstöðu fyrir karla.
> *Eygló Harðardóttir, velferðarráðherra*

**VANTAR ÚRRÆÐI FYRIR KARLA** Velferðarráðherra segir að tryggja þurfi úrræði fyrir karlkyns fórnarlömb mansals. NORDICPHOTOS/GETTY



**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR**



**ÓLÖF NORDAL**

## Sterkar líkur á mansali

Nýlega féll dómur í Héraðsdómi Reykjaness gegn ungum manni sem var gripinn í Leifsstöð með metamfetamínbasa í flösku í október 2013. Samkvæmt traustum heimildum Fréttablaðsins hafði honum verið lofað vinnu eftir innflutninginn og var hann álitinn vera fórnarlamb mansals. Að undanförnu hefur lögreglan unnið eftir þeirri hugmyndafræði að rannsaka fíkniefnamál með það í huga hvort mansalsþáttur sé til staðar eða ekki. Í máli mannsins þóttu sterkar líkur á því.

Maðurinn var settur í gæsluvarðhald og seinna fyrir dómi útskýrði hann að hann hefði hent flöskunni í gólfið vegna hræðslu og streitu. „Ég hugsaði ekki skýrt og veit ekki hvers vegna ég gerði þetta. Djöfullinn var í mér," sagði hann. Maðurinn fékk tveggja og hálfs árs fangelsisdóm.

## GRUNUR UM MANSAL Á NUDDSTOFU



**NUDDSTOFA LINU JIA** Kínverskur maður lýsti dvöl sinni eins og fangelsisvist.

Í október 2012 fjallaði Fréttablaðið um það að lögregla hefði til rannsóknar mál er varðaði grun um mansal á kínverskum nuddstofum í borginni. Kínversk kona að nafni Sun Fulan sendi bréf þess efnis í febrúar sama ár að hún og fleiri Kínverjar hefðu verið ráðnir hingað til lands til að vinna á nuddstofum í eigu konu að nafni Lina Jia og eiginmanns hennar, án þess að hafa verið greidd réttmæt laun. Konan hafði verið á Íslandi í fjögur ár og sagðist hafa unnið fyrir Linu í 14-15 klukkutíma á dag á nuddstofunni, auk þess að bera út blöð og vinna við fasteignir víða um borgina sem hjónin höfðu keypt.

Í bréfinu sagði hún að kínverskur maður væri hjá Linu og eiginmanni hennar. Vegabréf hans hefði verið tekið af honum, hann læstur inni og bannað að hafa samband við umheiminn eftir að hann kom til landsins til þess að vinna á nuddstofunni.

Í bréfinu óskaði hún eftir því að málið yrði skoðað og reynt að bjarga manninum.

Morgunblaðið birti viðtal við manninn ári síðar þar sem hann lýsti dvöl sinni á nuddstofunni hjá Linu eins og hann hefði verið í fangelsi. Hún var dæmd til að greiða honum fimm milljónir króna í vangoldin laun og vexti í janúar 2006, en hann hafði fengið rúmlega 8.000 krónur í mánaðarlaun.

Genuine Parts®



20% AFSLÁTTUR
BREMSUVÖRUR OG BREMSUVINNA VIÐ HEKLUBÍLA

BREMSAÐU AF ÖRYGGI

Renndu við hjá **HEKLU** við Laugaveg og við skiptum um bremsuklossa/bremsudiska á meðan þú bíður.

Hjá **HEKLU** er óþarfi að panta tíma fyrir smærri viðgerðir. Ef þú vilt ekki bíða skilur þú bílinn eftir hjá okkur og við skutlum þér þangað sem þú vilt fara – og sækjum þig aftur!

Das Auto. ŠKODA Audi MITSUBISHI MOTORS

Laugavegi 170-174 · Sími 590 5000 · hekla.is

HEKLA

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®

## TOPPLYKLASETT 22 STK
3/8"   6 - 22mm
Skrall
Framlengingar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2202

**6.900** m/vsk
Fullt verð 8.588



## TOPPLYKLASETT 20 STK
1/2" toppar
Skrall 36 tanna
Stærðir 8 - 32mm
Flott sem áfylling í sett

vnr IBTGABB2001

**4.900** m/vsk
Fullt verð 8.500





**6.900** m/vsk



**5.900** m/vsk



**8.900** m/vsk



**16.900** m/vsk



**4.900** m/vsk



**8.900** m/vsk

## TOPPLYKLASETT 94 STK
1/4"   4 - 14 mm
1/2"   10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

**14.900** m/vsk
Fullt verð 22.584



TILBOÐ

## VERKFÆRASETT 130 STK
1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

**24.900** m/vsk
Fullt verð 37.947



## VERKFÆRASETT 96 STK
Toppar 1/4" - 1/2"  4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

**21.900** m/vsk
Fullt verð 36.732



## VERKFÆRASETT 150 STK
Toppar 1/4" - 1/2"  4 - 32 mm
Fastir lyklar 6 - 24mm,
Skrúfjárn, tangir, sexkantasett
Slaghamar, krafttöng
Nippillyklar og fl.
vnr IBTGCAI150R

**39.900** m/vsk
Fullt verð 49.900





7 SKÚFFUR

## SÁ VINSÆLI

283 verkfæri   177.750 m/vsk



## TOPPLYKLASETT 14 STK
Toppar 3/4"   22 - 50 mm
skrall og framlengingar

**19.900** m/vsk
Fullt verð 23.795



## TOPPLYKLASETT 14 STK
Toppar 1"   36 - 80 mm
skrall og framlengingar

**49.900** m/vsk
Fullt verð 68.253



www.sindri.is / sími 575 0000
Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

Horfur á sáttum á vinnumarkaði versnuðu í gær:

# Hvað búa margar þjóðir á Íslandi?

Nú er spurt hvað búi margar þjóðir á Íslandi. Hafi nokkurn tíma verið ástæða til að spyrja þessarar spurningar er það nú. Það er alvarleg staðreynd að tekjuhæstu fimm prósent þjóðarinnar þénuðu 257,6 milljarða króna árið 2013. Það samsvarar 21,5 prósentum af heildartekjum Íslendinga. Sama hlutfall var 17,6 prósent árið 2012. Árið 2012 og 2013 tóku tekjuhæstu fimm prósentin stærri sneið af tekjukökunni. Þetta kemur fram í svari Bjarna Benediktssonar við spurningum Árna Páls Árnasonar um tekjuskiptingu sem og eignaskiptingu Íslendinga.



**Sigurjón Magnús Egilsson**
sme@frettabladid.is

Með einfaldasta hætti má segja að í svörum ráðherrans komi berlega í ljós að ójöfnuðurinn er mikill hjá okkur og hann vex. Íslenskt þjóðfélag er lagskipt. Fámennur hópur á mikið og þénar langt umfram þörf. Á sama tíma eru hófsamir leiðtogar láglaunafólks að leggja fram kröfur, vegna komandi kjarasamninga, kröfur sem eru langt frá neysluviðmiðum. Þeir krefjast þess að umbjóðendurnir verði áfram með lægri tekjur en þarf til að lifa sæmandi lífi í nútímasamfélagi.

Bjarni Benediktsson lagði sem sagt í gær fram upplýsingar um ríku Íslendingana. Fyrir réttri viku voru aðrar upplýsingar kunngerðar. Þær komu úr velferðarráðuneyti Eyglóar Harðardóttur. Í fréttum af þessu tilefni má lesa að tæplega sex þúsund og tvö hundruð Íslendingar búa við sára fátækt. Velferðarvakt félagsmálaráðherrans vill að barnabætur verði auknar og lágmarksframfærsluviðmið verði skilgreint. Rúm níu prósent landsmanna eru undir lágtekjumörkum og með minna en hundrað og sjötíu þúsund krónur á mánuði í ráðstöfunartekjur. Næstum helmingur þeirra býr í leiguhúsnæði. Einn þriðji er einhleypur og tuttugu og sjö prósent einstæðir foreldrar. Tvö prósent Íslendinga eða tæplega sex þúsund og tvö hundruð manns búa við sára fátækt.

Er hægt að tala skýrar? Framundan eru hörð átök þar sem tekist verður á um kaup og kjör. Svo miklu munar á stöðu þessara ólíku hópa að þeir geta vart talist til sömu þjóðar. Því er spurt: Hvað búa margar þjóðir á Íslandi? Formælandi Samtaka atvinnulífsins segir þann tíma að baki að þeir sem minnst hafa og minnst fá hafi forgang á aðra. Hvers vegna er vont að segja til um eftir að hafa lesið nýjustu gögn beggja öfganna, þeirra háu og þeirra lágu.

Í raun má segja að allt sé í steik og við siglum að ófriðarbáli. Báli sem var aukið í gær. Algjör trúnaðarbrestur er milli þeirra sem deila á vinnumarkaði og ríkisstjórnar Íslands, sem er sögð ein sú svikulasta sem reyndir samningamenn muna. Trúlegast hugnast fáum að horfa upp á þann geysilega mun sem er milli ríkra og fátækra.

Vandi þeirra sem þurfa að semja um kaup og kjör næstu ára er drjúgur. Miklir, en ótrúlega ólíkir, hagsmunir eru undir. Líkur á friðsælli lausn versnuðu við upplýsingar gærdagsins. Nú er að sjá hverjar afleiðingarnar og viðbrögðin verða. Enn hafa þau lítil verið vegna staðfestingar á fátæktinni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU



Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óþörf opnun?

Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, spurði Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra á þingi í gær út í viljayfirlýsingu sem gefin var út í tengslum við læknasamningana, en þar segir að opna þurfi möguleika á fjölbreyttum rekstrarformum í heilbrigðiskerfinu. Svandís vildi meina að ætlunin væri að stíga skref til aukinnar einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu, en ráðherra taldi það af og frá, fjölbreytt rekstrarform í heilbrigðiskerfinu væri ekkert nýtt. Nefndi hann elliheimilið Grund, tannlækna, starfsemi SÁÁ og heilsugæslustöðvar í Lágmúla og í Salahverfi sem dæmi. Eftir stendur þó sú spurning hví þurfi að gefa út viljayfirlýsingu um að opna á eitthvað sem þegar er galopið.

### Flytur hann heim?

Forseti vor, Ólafur Ragnar Grímsson, á hauk í horni þar sem Guðmundur Franklín Jónsson fer. Sá hefur nú opnað síðu til stuðnings forsetanum og er markmiðið að hvetja Ólaf Ragnar til að bjóða sig fram til forseta í næstu kosningum. Guðmundur Franklín hefur marga hildi háð í pólitíkinni og er þess skemmst að minnast að hann stofnaði flokkinn Hægri græna fyrir síðustu kosningar. Reyndar fékk hann ekki að bjóða sig fram, þar sem hann átti lögheimili utan landsteinanna. Kannski hann flytji heim fyrir forsetann?



### Ótækt eður ei

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, sagði á þingi í gær það ótækt að Kópavogsbær hefði lækkað laun karls til jafns við konu sem kærði bæinn vegna kynbundins launamunar. Ekki ætti að leiðrétta laun á þennan hátt og hún teldi að Kópavogsbær þyrfti að fara vel yfir málið. Um leið upplýsti hún að hún þekkti nokkur dæmi þess að laun starfsmanna í Stjórnarráðinu og opinberri stjórnsýslu hefðu verið lækkuð til að tryggja að ekki væri órökstuddur launamunur á milli kynja í sambærilegum störfum, þó ekki í kjölfar kæru. Væri ekki rétt að ráðherra upplýsti um þau tilfelli, eða er það aðeins í kjölfar kæru sem gjörðin er ótæk?



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Höfnum leið misskiptingar í heilbrigðismálum

HEILBRIGÐISMÁL



**Elín Björg Jónsdóttir**
formaður BSRB

Viljayfirlýsing ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar í kjölfar þess að samið var við lækna ætti að vera okkur öllum mikið fagnaðarefni. Þar er kveðið á um samkeppnishæfni við Norðurlöndin varðandi aðbúnað starfsfólks og laun, byggingu nýs Landspítala og endurnýjun tækja svo fátt sé nefnt.

En í yfirlýsingunni segir jafnframt „opna þurfi möguleika á fjölbreyttum rekstrarformum“ innan heilbrigðisþjónustunnar. Það liggur í augum uppi að hér er átt við aukna þátttöku einkaaðila í velferðarþjónustunni og aukna einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Orð fjármálaráðherra í kjölfar undirritunar fyrrnefnds samkomulags benda þar að auki eindregið til þess að nú þegar séu áform innan heilbrigðisráðuneytisins um að fara í auknum mæli leið einkarekstrar. Við þeirri leið ber að vara enda sýna rannsóknir að aukinn einkarekstur er leið til aukinnar misskiptingar. Hvort sem einkarekstur í heilbrigðisþjónustu er boðaður í nafni „aukins valfrelsis“ eða „meiri hagkvæmni“ eru það staðreyndirnar sem tala sínu máli. Með auknum einkarekstri í félagslegu heilbrigðiskerfi, líkt og því kerfi sem í áratugi hefur ríkt samstaða um að halda úti á Íslandi, minnkar jafnræðið. Þjónustan verður jafnframt brotakenndari, lýðheilsu hrakar og aðgengið verður ekki jafn gott. Þótt öðru sé haldið fram sýna rannsóknir einnig fram á að fjárhagsleg hagkvæmni er meiri þegar heilbrigðisþjónustan er á forræði hins opinbera.

Efling heilbrigðiskerfisins er mikilvæg en hún verður að byggja á skynsömum leiðum sem stuðla áfram að jöfnum rétti allra til nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag. Vonandi er frekari sókn nú hafin til að við getum með sanni sagst standa jafnfætis nágrönnum okkar hvað varðar gæði og aðbúnað heilbrigðisstarfsfólks og þeirra sem þjónustuna þurfa að nota. En í þeirri uppbyggingu verðum við að hafa hag landsmanna allra að leiðarljósi, stuðla að jöfnu aðgengi og réttlæti.

Hagnaður sem til verður í heilbrigðiskerfinu á að fara í frekari uppbyggingu kerfisins en ekki enda í vasa einkaaðila sem reka þjónustuna. Um leið og heilsa fólks fer að verða mögulegur gróðavegur fyrir einkafyrirtæki á markaði er hætt við að hinir efnaminni verði undir. Það er ekki í anda þeirrar samfélagsgerðar sem við viljum vera kennd við. Það er ekki í anda jafnaðar og réttlætis.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ólýðræðislegur popúlismi meirihlutans

STJÓRNMÁL



**Hildur Sverrisdóttir**
borgarfulltrúi

Í umræðunni sem spannst í kringum umdeilda skipun varamanns Framsóknar og flugvallarvina í mannréttindaráð Reykjavíkurborgar hefur lítið farið fyrir alvarlegum punkti sem með réttu á að gagnrýna borgarstjórnarmeirihlutann fyrir.

Það er ótækt að fulltrúar meirihlutans, þar með taldir bæði borgarstjóri og forseti borgarstjórnar, hafi skipt sér af þessari skipun með því að sitja hjá við kjör varamannsins á borgarstjórnarfundi og rökstyðja það með andúð sinni á viðkomandi fulltrúa. Það skiptir engu hversu umdeild skipunin var eða maðurinn sem skipa átti. Það er einfaldlega ótækt í öllum tilvikum að meirihlutinn skipti sér þannig af því hvernig aðrir flokkar nota sitt lýðræðislega umboð til að skipa fólk í ráð og nefndir.

Sé framferði meirihlutans í þessu máli ekki gagnrýnt strax er hætta á að hættulegt og ólýðræðislegt fordæmi skapist. Sumum finnst kannski að það sé allt í lagi að segja þannig skoðun sína með hjásetu – en það er ekki hefðin í borgarstjórn Reykjavíkur, og það er ástæða fyrir því. Það er sjálfsagt að fólk gagnrýni að flokkur, sem hefur langt frá því gert hreint fyrir sínum dyrum varðandi andúð í garð minnihlutahóps, skipi yfirlýstan andstæðing réttinda minnihlutahópa í það ráð borgarinnar sem á að passa upp á slík mannréttindi. En það breytir því ekki að það er framboð Framsóknar og flugvallarvina sem ber, og á að bera, alla ábyrgð á þeirri ákvörðun. Hefðin í borgarstjórn hefur einmitt undirstrikað þetta; verklagið er að þótt reglur kveði á um að fulltrúar í nefndir og ráð séu kosnir á borgarstjórnarfundi greiðir borgarstjórn öll atkvæði með þeim fulltrúum sem flokkarnir tilnefna. Það hefur ekki verið litið svo á að með atkvæði sínu væru borgarfulltrúar að styðja við, lýsa velþóknun á eða taka ábyrgð á fulltrúum einstakra flokka.

**Öryggisventill**

Hjáseta meirihlutans leiddi ekki af sér að fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina hlyti ekki kjör, en ef menn eru búnir að bregða út af hefðinni má spyrja hvort eitthvað útiloki að með svipuðum rökum felli meirihlutinn hreinlega fulltrúa minnihlutans, sem honum hugnast ekki að hafa í nefndum og ráðum. Raunar var spurt í fjölmiðlum af hverju meirihlutinn hefði ekki beitt valdi sínu á þann veg. Það segir sig þó sjálft hversu fullkomlega óeðlilegt það væri að meirihlutinn gæti stýrt á þann hátt hverjir veljast í ráð og nefndir fyrir minnihlutann.

Á borgarstjórnarfundi í dag verður kosinn nýr varamaður Framsóknar og flugvallarvina í mannréttindaráð. Megum við gera ráð fyrir að formaður borgarráðs sitji hjá af því að hann ætlar aldrei aftur að „taka nokkra ábyrgð á þessu fólki“?

**➜ Meirihlutinn ætti að sjá sóma sinn í að bregðast strax við, viðurkenna mistök sín og stuðla að því að girða fyrir pólitískar freistingar eins og hann féll fyrir sjálfur með því að breyta strax reglunum.**

Sú afstaða hans er ágætt dæmi um að nú þegar er búið að búa til skrýtilegt fordæmi þar sem reynt er að færa ábyrgðina á vali fulltrúa í ráð og nefndir frá flokknum sem tilnefnir þá. Eini alvöru öryggisventillinn gegn vondum ákvörðunum stjórnmálaflokka er hins vegar að þeir beri pólitíska ábyrgð gagnvart kjósendum.

Meirihlutinn ætti að sjá sóma sinn í að bregðast strax við, viðurkenna mistök sín og stuðla að því að girða fyrir pólitískar freistingar eins og hann féll fyrir sjálfur með því að breyta strax reglunum. Þær ættu að vera þannig að flokkarnir skipi einfaldlega sína fulltrúa án þess að aðrir þurfi að samþykkja, hafna eða sitja hjá við kosningu þeirra. Meirihlutinn hlýtur að sjá að það er það skynsamlega í stöðunni; að setja ábyrgðina nákvæmlega þangað sem hún á heima og sleppa ólýðræðislegum popúlisma eftir hentugleik. Það er einsýnt að verði reglunum ekki breytt er hætta á að meirihlutinn freistist til að festa enn frekar í sessi æfingar með pólitíska afskiptasemi þar sem hún á engan veginn heima.

# Ferðaþjónusta fatlaðra – Rétt skal vera rétt

SAMGÖNGUR



**Andri Valgeirsson**
málefnafulltrúi



**Bergur Þorri Benjamínsson**
varaformaður/ málefnafulltrúi f.h. Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra

Svarbréf til Þórhildar Egilsdóttur frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Árið 2006 fóru þrír einstaklingar sem notuðu Ferðaþjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu frá Sjálfsbjargarhúsinu niður að Reykjavíkurtjörn. Það er kannski ekki í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að þessir þrír einstaklingar voru búsettir í þremur sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og það komu því þrír bílar hver frá sínu sveitarfélaginu að sækja þá. Eftir þetta skrautlega atvik bentum við í Sjálfsbjörg sveitarfélögunum á þetta og vorum ávallt tilbúin að vinna að úrlausn að bættri þjónustu. Aldrei fórum við fram á að þjónustan yrði boðin út!

Í framhaldi af þessari ábendingu var stofnaður starfshópur á vegum SSH (Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu) sem skilaði af sér skýrslu þann 19. ágúst 2011 þar sem lögð var til samvinna um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu. Í þeim hópi sat hvorki fulltrúi frá Sjálfsbjörg né fulltrúi frá öðrum hagsmunafélögum. Annar vinnuhópur var skipaður af SSH sem hélt áfram þessari vinnu frá 1. mars 2012 og enn var ekkert samráð haft við Sjálfsbjörg né önnur hagsmunafélög.

Eftir að starfs- og vinnuhópar SSH luku sinni vinnu var haft samband við verkfræðistofuna Verkís um að kanna hagkvæmni þess að bjóða ferðaþjónustuna út. Verkís skilaði af sér skýrslu um málið þann 23. maí 2012. Þar lagði Verkís til að samdar yrðu sameiginlegar reglur um þjónustuna fyrir allt höfuðborgarsvæðið á grundvelli laga um málefni fatlaðra og leiðbeininga frá velferðarráðuneytinu. Ári seinna, eftir fund hagsmunasamtaka og Verkís, var lagt til að farið yrði í forval um aðila sem gætu tekið að sér aksturinn. Eftir þetta var verkefni Verkís lokið og byrjaði Strætó ásamt VSÓ ráðgjöf að semja útboðsgögn til að bjóða þjónustuna út.

Þann 20. júní 2013 var rætt um stöðu útboðsmála á fundi velferðarráðs og í framhaldi var eftirfarandi minnisblað sent til Sjálfsbjargar og annarra hagsmunafélaga:

„Í minnisblaði fjármálastjóra velferðarsviðs um stöðu útboðsmála í ferðaþjónustu fatlaðs fólks þar sem fram koma tillögur starfshóps Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu segir að drög að reglum hafi verið unnin í samráði við hagsmunasamtök. Í gögnum er ekkert sem getur staðfest umrætt samráð. Því er óskað eftir formlegri umsögn hagsmunaaðila. Jafnframt er óskað eftir greiningu velferðarsviðs á því hvaða breytingar yrðu miðað við núverandi reglur ef tillögur starfshóps SSH yrðu að veruleika.“

**➜ Því skiljum við ekki hvernig hægt er að tönnlast á því að samráð hafi verið haft við notendur og hagsmunafélög þegar ekkert er því til stuðnings.**

**Ekki ásættanlegt**

Í kjölfarið sendum við hjá Sjálfsbjörg inn umsögn þar sem lagt var til að úttekt yrði gerð á núverandi þjónustu og að notendur yrðu spurðir álits, enda eru það þeir sem hafa reynslu af slíkri þjónustu og vita hvar er hægt að bæta hana. Ekkert var gert með þá umsögn og þjónustukönnun var aldrei gerð.

Því skiljum við ekki hvernig hægt er að tönnlast á því að samráð hafi verið haft við notendur og hagsmunafélög þegar ekkert er því til stuðnings. Enn þann dag í dag hefur Reykjavíkurborg ekki sýnt nokkurn áhuga á að vinna með hagsmunafélögunum, þó þess hafi verið óskað bæði af okkur og minnihluta borgarstjórnar. Þetta eru því ekki ásættanleg vinnubrögð sem hafa verið stunduð í þessu máli.

Við skorum því á borgarstjórn og velferðarráð að stofna samráðshóp með fulltrúum allra hagsmunafélaga, kjörnum fulltrúa frá öllum sveitarfélögunum sem koma að þessu verkefni ásamt starfsmönnum viðkomandi ráða, fulltrúa frá Strætó, Hópbílum, minni verktökum og bílstjórum til að reyna að koma þessari þjónustu í rétt horf og halda henni gangandi.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á **greinar@visir.is** og við komum henni á framfæri hið snarasta.





VIÐURKENNT BÓKARANÁM

Frá grunni að viðurkenndum bókara

Það hefur vakið athygli hversu margir nemendur okkar hafa fengið vinnu eftir að hafa lokið bókhaldsnámi.

Viðurkennt bókaranám er bæði skemmtileg og krefjandi námsbraut sem býr nemendur undir próf sem leiðir til vottunar frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu sem Viðurkenndur bókari.

- **Helstu námsgreinar**
  - Verslunarreikningur - 24 stundir
  - Excel-töflureiknir - 30 stundir
  - Bókhald - 36 stundir
  - Tölvubókhald í Navision - 54 stundir
  - Excel við áætlanagerð - 30 stundir
  - Launakerfi - 18 stundir
  - Lánardrottnar og viðskiptamenn - 15 stundir
  - Fyrningar - 15 stundir
  - Virðisaukaskattur - 9 stundir
  - Lán - 21 stundir
  - Gerð og greining ársreikninga - 36 stundir
  - Lokaverkefni - 24 stundir
  - Skattaskil - 18 stundir
  - Reiknishald, viðbætur - 36 stundir
  - Upplýsingatækni, viðbætur - 6 stundir
  - Upprifjun fyrir próf - 42 stundir
- **Lengd námskeiðs:** 2-3 annir - 414 kennslustundir
- **Verð:** 384.000 kr. (hægt er að dreifa greiðslum)
- **Næstu námskeið:**
  - Morgunnámskeið: 18. feb. 2015 - 30. maí 2016
  - Kvöldnámskeið: 17. feb. 2015 - 30. maí 2016
  - Síðdegisnámskeið: 9. mars. 2015 - 30. maí 2016

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS
ntv

## MERKISATBURÐIR

**1488** Bartholomeu Dias og áhöfn hans sigla fyrir Góðrarvonarhöfða, fyrstir Evrópubúa.

**1505** Víkurkirkja í Reykjavík er vígð af Stefáni Jónssyni Skálholtsbiskupi.

**1517** Tyrkjaveldi nær Kaíró á sitt vald.

**1815** Fyrsta ostabúið tekur til starfa í Sviss.

†



Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,

**TRYGGVI HJÖRVAR**
**kerfisfræðingur, Landsbanka Íslands,**
**Austurbrún 35, Reykjavík,**

verður jarðsunginn frá Áskirkju, föstudaginn 6. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast Tryggva er bent á Minningarsjóð öldrunardeildar Landspítalans, Landakoti.

**Erla Hafliðadóttir**
**Tryggvi Hjörvar**
**Kjartan T. Hjörvar**

†



Elskulegur sonur okkar, faðir, tengdafaðir og afi,

**ÓLAFUR EINARSSON**
**skipstjóri,**
**Gesthúsum, Álftanesi,**

lést þriðjudaginn 27. janúar. Útför hans fer fram frá Bessastaðakirkju miðvikudaginn 4. febrúar kl. 13.00.

**Einar Ólafsson** — **Sigrún Ásta Guðlaugsdóttir**
**Sigrún Ósk Ólafsdóttir** — **Pétur Daníelsson**
**Einar Ólafsson** — **Auður Ösp Kristbjörnsdóttir**
**Bjarki Ólafsson**
**Aldís Sunna Ólafsdóttir** — **Bjarni Bjarkason**
**og barnabörn.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**RÖGNVALDUR ÞÓR RÖGNVALDSSON**
**Sautjándajúnítorgi 3, Garðabæ,**
**áður Brimhólabraut 23, Vestmannaeyjum,**

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold, þriðjudaginn 20. janúar. Útför hans fer fram frá Vídalínskirkju, föstudaginn 6. febrúar kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hans láti Krabbameinsfélag Íslands njóta þess.

**Ásta Sigurbjörg Guðjónsdóttir**
**Guðjón Rögnvaldsson** — **Ragnheiður Einarsdóttir**
**Bryndís Rögnvaldsdóttir** — **Unnar Guðmundsson**
**Hörður Rögnvaldsson** — **Sigrún Gísladóttir**
**Hallgrímur Rögnvaldsson** — **Wendi Zeng**
**Rannveig Rögnvaldsdóttir** — **Halldór Halldórsson**
**barnabörn og langafabörn.**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**EVA ÓSKARSDÓTTIR**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fimmtudaginn 22. janúar, verður jarðsungin frá Langholtskirkju fimmtudaginn 5. febrúar kl. 13.00. Hjartans þakkir til starfsfólks Sóltúns fyrir auðsýnda ást og umhyggju í veikindum Evu.

**Margrét Stefánsdóttir** — **Ingvar J. Karlsson**
**Ingvar Stefánsson** — **Áslaug Hartmannsdóttir**
**Ásta Edda Stefánsdóttir** — **Birgir Björgvinsson**
**Ellert K. Stefánsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞÓRÓLFUR BECK JÓNSSON**
**trésmíðameistari,**
**Heiðarhjalla 14, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum sunnudaginn 25. janúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 4. febrúar kl. 13.00.

**María Einarsdóttir**
**Jón Þór Þórólfsson** — **Hafdís Héðinsdóttir**
**Helga Þórólfsdóttir**
**Agnes Þórólfsdóttir** — **Joachim Lehmann**
**Ólafur Þórólfsson** — **Chanida Sasopa**
**Þórunn Þórólfsdóttir** — **Örn Arnarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**ÞETTA GERÐIST:** 3. FEBRÚAR 1975

## Listamannalaun til poppara í fyrsta sinn

Tónlistarmaðurinn Gunnar Þórðarson var í hópi þeirra sem veitt voru listamannalaun þennan dag árið 1975. Það var í fyrsta skipti sem íslenskum popp- eða rokktónlistarmanni hlotnaðist slíkur heiður. Var það þó mál manna að Gunnar væri vel að þeirri viðurkenningu kominn.

Gunnar Þórðarson var einn af stjörnunum í Hljómum frá Keflavík og í framvarðarsveit poppara á þessum tíma. Reyndar hafði hann verið í fremstu röð í þeim geira í meira en áratug þegar hér var komið sögu, og var dáður og dýrkaður af þeim hluta þjóðarinnar sem tilheyrði bítlakynslóðinni. Hann var líka orðið eitt mikilvirkasta tónskáld á sviði popptónlistar og lög eins og Þú og ég, Fyrsti kossinn og Bláu augun þín höfðu notið gífurlegra vinsælda.





**KVIKMYNDAGERÐARMAÐURINN** „Ég hef voða gaman af sögum og sekk mér ofan í viss efni,“ segir Jón Karl. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Maðurinn sem er alltaf að grúska í einhverju

Jón Karl Helgason kvikmyndagerðarmaður er sextugur í dag. Hann segist samt alltaf vera að yngjast og nefnir að minnsta kosti tvær ástæður fyrir því, ræktina og ástina.

„Það verður ekkert tilstand, bara smá veisla fyrir vini og vandamenn,“ segir Jón Karl Helgason spurður um afmælishald í tilefni sextugsafmælisins í dag.

Jón Karl byrjaði rétt rúmlega tvítugur í kvikmyndagerð og hún hefur átt hug hans síðan. Hann vinnur sjálfstætt að sínum verkefnum og er með mörg í gangi í einu. Segir kvikmyndagerðina hafa gefið sér ánægju en enga aðra fjársjóði. „En ég ætlaði alltaf í kvikmyndun,“ segir hann og kveðst ábyggilega vera fyrsti íslenski karlmaðurinn sem lærði förðun. „Ég fór í snyrtiskólann sem Margrét Hjálmtýsdóttir stýrði og veturinn 1981, mánuði eftir morðið á John Lennon, fór ég til New York að læra meira í leikhús- og kvikmyndaförðun.“ Heimkominn frá Ameríku kveðst hann hafa farðað persónur í myndunum Jón Oddur og Jón Bjarni, Punktur punktur komma strik og verið aðstoðarhljóðmaður í Á hjara veraldar. „Ég lærði kvikmyndatökur bara með því að vinna við þær, meðal annars með Friðriki Þór og Ara Kristins. Það þótti svolítið gott að ráða mig því ég gat farðað og verið aðstoðarmyndatökumaður og jafnvel í búningum. Svo var ég auðvitað að hjálpa til í leikmyndum líka. Eftir að Friðrik Þór var búinn að frumsýna Njálsbrennu í Háskólabíói fórum við austur í Hornafjörð og gerðum myndina Eldsmiðinn. Þar var ég hljóðmaður og í Rokki í Reykjavík sem við framleiddum var ég með eina af mörgum kvikmyndavélum. Ég hef tekið nokkrar bíómyndir. Sú síðasta var Vildspor, dönsk mynd frá 1998 með Mads Mikkelsen og Nikolaj Coster Waldau. Þeir voru rísandi stjörnur þá í Danmörku og orðnir stórstjörnur á alheimsvísu núna. Eftir það hef ég verið í heimildarmyndum og unnið við sjónvarp, til dæmis með Völu Matt, síðast í Heilsugenginu.“

Mótmælandi Íslands, Heimsmethafinn í Vitanum, Sundið og Álfahöllin eru meðal heimildarmynda eftir Jón Karl. Nú er hann með mynd um Tómas R. Einarsson tónlistarmann í vinnslu og aðra um taílenska fjölskyldu, sem hann hefur fylgst með í tíu ár. „Ég er líka með mynd um Pompei norðursins, húsin sem fóru undir vikur í Vestmannaeyjum og aðra um sundlaugar. Svo safna ég ísbjarnarsögum þannig að ef einhver lumar á slíkum sögum þá má hann eða hún hafa samband.“

> **Ég byrjaði í líkamsrækt fyrir tveimur árum og þá yngdist ég um tíu ár. Svo byrjaði ég með nýrri konu, Friðgerði Guðmundsdóttur, og þá yngdist ég um önnur tíu.**

En hver er maðurinn Jón Karl? laumast ég til að spyrja. „Maðurinn sem er alltaf að grúska í einhverju. Ég hef voða gaman af sögum og sekk mér ofan í viss efni,“ svarar hann.

Jón Karl kveðst iðka sund reglulega og hafa gert lengi. „Ég byrjaði í líkamsrækt fyrir tveimur árum og þá yngdist ég um tíu ár. Svo byrjaði ég með nýrri konu, Friðgerði Guðmundsdóttur, og þá yngdist ég um önnur tíu. Þannig að ég er ekki einu sinni orðinn fertugur!“

gun@frettabladid.is

†



Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,

**RAGNAR JENS LÁRUSSON**

lést á Sankt Lukas Hospice í Kaupmannahöfn sunnudaginn 11. janúar. Útförin fór fram í Kaupmannahöfn föstudaginn 23. janúar.

**Sigfús Lárusson** — **Jóna Guðmundsdóttir**
**Ásta Lárusdóttir** — **Snorri F. Welding**
**Guðbjartur Lárusson** — **Gerður Steinarsdóttir**
**og frændsystkini.**

†



Faðir okkar,

**SIGURÐUR JÓNSSON**
**vélstjóri,**
**Lindargötu 57, Reykjavík,**

lést föstudaginn 30. janúar.

**Ásgeir Sigurðsson**
**Jón Viðar Sigurðsson**
**Ólöf Lilja Sigurðardóttir**

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



**RÁÐ UM MATARÆÐI**
Embætti landlæknis hefur gefið út nýjar opinberar ráðleggingar um mataræði fyrir fullorðna og börn frá tveggja ára aldri. Í þeim eru engar stórar breytingar, fremur áherslubreytingar. Nánar á landlaeknir.is.

# HREINT ORKUBÚST

**GENGUR VEL KYNNIR** *B12-Boost er áhrifaríkur og náttúrulegur B12-vítamínmunnúði sem inniheldur hátt hlutfall af B12 ásamt krómi og grænu te-extrakti.*

**HÁMARKSNÝTING**
„Það er erfitt fyrir líkamann að nýta B12 úr fæðunni í meltingarveginum og einungis 1% er talið nýtast,“ segir Ásta Kjartansdóttir, vörustjóri hjá Gengur vel ehf. „Meltingarvegurinn þarf að vera í góðu standi til þess að ná að nýta B12 úr fæðu og hafa virk viðeigandi ensím og efni. Þreyta, streita, kaffi, ýmis lyf, léleg heilsa og næringarsnautt fæði minnkar enn frekar upptökuna. Þegar spreyjað er í munnholið fara næringarefnin beint í blóðrásina og eykur það líkur á góðri upptöku.“

**AÐGENGILEGT**
Better You notar aðgengilegasta form B12 (methylcobalamin) sem er náttúrulegt og fyrirfinnst í efnaskiptum mannslíkamans.

**SKORTUR Á B12-VÍTAMÍNI GETUR BIRST SEM EFTIRFARANDI EINKENNI:**
- Þreyta, slen, orkuleysi
- Svimi
- Hægðatregða
- Uppþemba, vindgangur
- Lystarleysi
- Þyngdartap
- Náladofi / dofi í hand- og fótleggjum
- Erfiðleikar með gang
- Skapsveiflur
- Minnisleysi
- Vitglöp og jafnvel Alzheimers-sjúkdómurinn



**HLUTVERK B12 Í LÍKAMANUM:**
B12 er nauðsynlegt við myndun erfðaefnisins DNA og RNA og einn af grundvallarþáttum heilbrigðs taugakerfis. B12 er einnig nauðsynlegt fyrir eðlilega meltingu á kolvetnum og fitu, hjálpar til við nýtingu á járni, vinnur gegn frjósemisvandamálum kvenna og er mikilvægt fyrir framleiðslu á hormónum nýrnahettnanna (kortisóls, aldósteróns, adrenalíns og noradrenalíns). Einnig má nefna að B12 gegnir mikilvægu hlutverki í framleiðslu melatóníns og þar af leiðandi fyrir góðan nætursvefn.




**B12-BOOST ER EINSTAKLEGA HENTUGT FYRIR FÓLK SEM;**
- er í annasömu starfi
- er síþreytt eða orkulaust
- er grænmetisætur eða vegan
- er yfir 60 ára
- er íþróttafólk eða stundar ákafa hreyfingu
- er barnshafandi eða með barn á brjósti
- ferðast mikið

**VIRKAR HRATT OG ÖRUGGLEGA** Þegar spreyjað er í munnholið fara næringarefnin beint út í blóðrásina sem eykur líkur á góðri upptöku.

**NAUÐSYNLEGT ÍÞRÓTTAFÓLKI**
B-12 er meðal annars hentugt fyrir fólk sem stundar ákafa hreyfingu.

**UPPLÝSINGAR**
Nánari upplýsingar á **www.gengurvel.is.**
**Útsölustaðir:**
Flest apótek og heilsubúðir.













# HREINSAR LÍKAMANN

**HEILSA KYNNIR** *Þóra Guðlaug Ásgeirsdóttir hómópati mælir með vörunum frá Solaray.*

Þóra Guðlaug Ásgeirsdóttir, hómópati og brautryðjandi í sölu heilsuvara, rak ásamt eiginmanni sínum verslunina Heilsuhornið á Akureyri til fjölda ára.

„Ég starfa í dag sem hómópati og hef í gegnum tíðina ráðlagt fjölda fólks inntöku á Solaray-bætiefnum. Þar sem ég þekki gæðin, þá get með góðri samvisku ráðlagt öðrum Solaray.“



**ÞÓRA GUÐLAUG ÁSGEIRSDÓTTIR**




„Sunny Green Chlorophyll eða blaðgrænu, ráðlegg ég fyrst og fremst vegna hreinsandi eiginleika hennar fyrir líkamann. Hún inniheldur líka fjölmörg vítamín og steinefni. Chlorophyll er líka mjög húðverndandi. Mörgum finnst sérlega jákvætt hvað hún virkar vel á andremmu og þá er hún best svona fljótandi. Sunny Green-línan, sem er partur af framleiðslu Solaray, er í sérstöku uppáhaldi hjá mér.“

**CHLOROPHYLL LIQUID**

- **Hreinsar og hressir líkamann**
- **Inniheldur fjölmörg vítamín og steinefni**
- **Fær húðina til að ljóma**
- **Er góð gegn andremmu**

*Solaray-bætiefni fást í apótekum og heilsuvöruverslunum.*

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429









**BETRI ÞJÓNUSTA** „Verið er verið að færa þjónustuna enn frekar út í nærsamfélagið með samvinnu félagsþjónustunnar og geðheilbrigðisþjónustunnar,“ segir Sigríður Hrönn Bjarnadóttir, geðhjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri Geðheilsustöðvar Breiðholts. MYNDIR/VALLI

# TÍMAMÓTAVERKEFNI VERÐLAUNAÐ

**NÝSKÖPUN** *Með starfssemi Geðheilsustöðvarinnar í Breiðholti er þjónusta við fólk með geðraskanir færð út nærsamfélagið til hagsbóta fyrir alla aðila.*

Geðheilsustöðin í Breiðholti hlaut nýlega Nýsköpunarverðlaunin 2015 í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Verðlaunin voru afhent í fjórða sinn en í ár voru um 50 verkefni tilnefnd. Í rökstuðningi valnefndar segir meðal annars að „Geðheilsustöðin í Breiðholti sé tímamótaverkefni í þjónustu við geðfatlaða. Með Geðheilsustöðinni er ætlunin að veita heildræna þjónustu fullorðnum einstaklingum sem greindir hafa verið með geðraskanir og draga m.a. þannig úr innlögnum á geðsvið Landspítalans.“

Að sögn Sigríðar Hrannar Bjarnadóttur, geðhjúkrunarfræðings og verkefnastjóra Geðheilsustöðvar Breiðholts, hafa verðlaunin töluverða þýðingu fyrir starfsmenn og þjónustu stöðvarinnar. „Verðlaunin stuðla vonandi að því að vekja meiri athygli á verkefninu svo hægt sé að styrkja það enn frekar, því auðvitað má gera enn betur til að auka gæði þjónustunnar. Vonandi verða þau einnig hvatning til að útfæra sams konar starfsemi fyrir aðra hluta Reykjavíkur og önnur sveitarfélög.“

**TVÆR STOÐIR**

Hún segir einnig að mikilvægt sé að vekja athygli almennt á samfélagsgeðþjónustu og þeirri nauðsyn að samhæfa þjónustu sem þegar sé til staðar í þessum málaflokki. „Víða í Reykjavík og í öðrum sveitarfélögum er verið að gera frábæra hluti og nokkur samfélagsgeðteymi eru nú þegar starfandi víða. Þó er mikilvægt að samhæfa betur og setja stefnu varðandi þjónustuna.“

Að sögn Sigríðar er starfsemi Geðheilsustöðvarinnar tímamótaverkefni þar sem starfsemi hennar hvíli á tveimur meginstoðum; það er heilbrigðis- og félagsþjónustu. „Verið er að færa þjónustuna enn frekar út í nærsamfélagið með samvinnu félagsþjónustunnar og geðheilbrigðisþjónustunnar. Með verkefninu er horft til nágrannalanda þar sem þjónusta við geðfatlaða og einstaklinga með geðraskanir fer að mestu fram í nærsamfélaginu. Þar fara þeir helst inn á sjúkrahúsin sem þurfa á bráðainnlögnum að halda. Víða erlendis er einnig ríkari hefð fyrir þéttri samvinnu félags- og heilbrigðiskerfis, stofnana í nærumhverfi og þriðja stigs stofnana sem sjúkrahúsin eru.“



**MIKIL REYNSLA** Fjölmargir starfsmenn með ólíka menntun og starfsreynslu koma að starfi Geðheilsustöðvarinnar í Breiðholti.

**SKILVIRKARI ÞJÓNUSTA**

Með meiri samvinnu þeirra stofnana sem eru í nærsamfélaginu segist Sigríður vonast til þess að skilvirkni þjónustunnar aukist til þeirra sem eiga við geðrænan vanda að stríða, að boðleiðir verði styttri og betri yfirsýn fáist yfir þá þjónustu sem er í boði í þjóðfélaginu.

Fjölmargir starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn koma að starfssemi Geðheilsustöðvarinnar að sögn Sigríðar. „Að verkefninu koma meðal annars hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, félagsráðgjafar, iðjuþjálfi, geðlæknir, sálfræðingur og tveir fyrrverandi notendur geðþjónustunnar sem starfa sem liðveitendur við geðheilsustöðina.“

Starfsemi Geðheilsustöðvarinnar í Breiðholti er samvinna geðteymis Heimaþjónustu Reykjavíkur og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Að verkefninu kemur stýrihópur sem í eru fulltrúar frá Embætti landlæknis, geðsviði Landspítalans, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Þjónustumiðstöð Breiðholts og Heimaþjónustu Reykjavíkur.

Að Nýsköpunarverðlaunum í opinberri þjónustu og stjórnsýslu standa fjármála- og efnahagsráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Rannís, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands. ■ starri@365.is

**Í NÆRSAMFÉLAGINU**

„Með verkefninu er horft til nágrannalanda þar sem þjónusta við geðfatlaða og einstaklinga með geðraskanir fer að mestu fram í nærsamfélaginu. Þar fara þeir helst inn á sjúkrahúsin sem þurfa á bráðainnlögnum að halda.“


Útsölunni lýkur
á sunnudag
20-40 %
af öllu frá
HOUSEDOCTOR
!!!
ORGANIZE
organize
50 % afsl.
ERMITAGE frá Habitat
3ja sæta svefnsófi 135.000 kr.
Áður 270.000 kr.
3 litir
30 % afsl.
WILBO frá Habitat
2ja sæta sófi 122.500 kr.
Áður 175.000 kr.
4 litir
20-40 %
af öllu frá
ETHNICRAFT
!!!
30 % afsl.
KNOT frá Habitat
kollur
Verð 13.650 kr.
Áður 19.500 kr.
4 litir
30 % afsl.
OAK SLICE
Borðstofuborð
(gegnheil eik)
frá Ethnicraft
Útsöluverð frá
118.300 kr.
Nokkrar stærðir
60 % afsl.
ENOCH
kertastjaki
frá Habitat
Verð 2.360 kr.
Áður 5.900 kr.
40 % afsl.
PARNASSE
afmælisstellið
Hannað af
Terence Conran
BALTHASAR frá Habitat
3ja sæta sófi 117.000 kr.
Áður 195.000 kr.
Litir: blár,
gulur,
rauður
40 % afsl.
TRIPOD frá Habitat
Borðlampi 8.750 kr.
Standlampi 25.900 kr.
Útsöluverð
20-60 %
af öllum vörum frá
HABITAT
!!!
30 % afsl.
Skermur ekki
innifalinn
í verði
habitat
SÍÐAN 1964
TEKK
COMPANY
TEKK COMPANY OG HABITAT | Kauptúni | Sími 564 4400 | Opið mánudaga til laugardaga kl. 11-18 og sunnudaga kl. 13 -18 | Vefverslun á www.tekk.is

# FÆRRI INNGRIP Í HEIMAFÆÐINGUM

**RANNSÓKN** *Berglind Hálfdánsdóttir, ljósmóðir og doktorsnemi, hefur gert rannsókn á útkomu fyrirfram ákveðinna heimafæðinga. Minni líkur eru á inngripi í heimafæðingum en enginn munur er á heilsu barna eftir því hvort þau fæðast heima eða á sjúkrahúsi.*

Heimafæðingum hefur fjölgað hratt frá aldamótum en engar rannsóknir hafa farið fram um útkomu þeirra hér á landi. „Við vildum því kanna stöðuna og upplýsa konur um þennan valkost,“ segir Berglind, sem er höfundur rannsóknarinnar: Útkoma fyrirfram ákveðinna heimafæðinga og sjúkrahúsfæðinga á Íslandi 2005-2009. „Verið er að rannsaka heimafæðingar í meiri mæli um allan heim og þessi rannsókn okkar er hluti af samnorrænu átaki til að kanna stöðu heimafæðinga á Norðurlöndum,“ útskýrir hún.

**BLÆÐING ÓLÍKLEGRI**

Berglind skoðaði mæðraskrár kvenna sem höfðu fætt heima á þessum tíma og bar saman við heilbrigðar konur sem höfðu fætt á sjúkrahúsi. „Helstu niðurstöðurnar eru að í fæðingum sem hefjast sem fyrirfram ákveðnar heimafæðingar eru marktækt minni líkur á inngripi eins og hríðarörvandi lyfjum og mænurótardeyfingu. Þá eru konurnar síður líklegar til að fá alvarlega blæðingu eftir fæðingu,“ segir Berglind og tekur fram að þessi hlutir virðist tengjast. „Inngripin tengjast hverju öðru og auka einnig líkurnar á alvarlegri blæðingu.“

**HEIMAFÆÐINGARUMHVERFIÐ HEFUR ÁHRIF**

Berglind og samhöfundar hennar töldu nokkrar ástæður geta legið að baki þessum niðurstöðum. „Mikið hefur verið rætt um að sjúkrastofnanir hafi tilhneigingu til að ofnota inngrip fyrir hraustar konur. Þetta verklag og stofnanamenning getur verið hluti af vandamálinu,“ segir Berglind en telur að fleira liggi að baki. „Önnur útskýring gæti verið sú að eitthvað í fæðingarferlinu gangi öðruvísi fyrir sig heima en á sjúkrahúsi og það eru vísbendingar í okkar rannsókn um að svo sé. Til dæmis er fyrsta og lengsta stig fæðingar, útvíkkunartímabilið, marktækt styttra í heimafæðingum. Það bendir til þess að eitthvað í heimafæðingarumhverfinu geri að verkum að fæðingar gangi betur og því eðlilega minni þörf á inngripum,“ lýsir hún.

Þriðji þátturinn gæti einnig spilað inn í. „Við getum ekki leiðrétt fyrir sjálfvali hópa. Hugsanlega hafa konur sem velja heimafæðingu önnur viðmið og sjónarmið en konur sem velja sjúkrahúsfæðingu. Kannski hafa konur sem velja að fæða á sjúkrahúsi jákvæðara viðhorf til verkjastillingar og annarra inngripa og noti þau þess vegna meira, sem aftur hefur áhrif á blæðinguna,“ segir Berglind. Þennan þátt mun hún rannsaka áfram í annarri rannsókn sem hún er að fara af stað með um þessar mundir.

**ENGINN MUNUR Á HEILSU BARNANNA**

Berglind skoðaði fleiri þætti á borð við tíðni keisarafæðinga og áhaldafæðinga. „Í erlendum rannsóknum hafa þessi inngrip verið marktækt færri í heimafæðingum en þann mun sjáum við ekki á Íslandi. Við teljum ástæðuna vera þá að á Íslandi sé almennt mjög lág tíðni keisarafæðinga og áhaldafæðinga miðað við önnur lönd.“

Einnig voru skoðaðar breytur sem snúa að börnunum sjálfum. „Við sáum engan mun á útkomu barnanna hér á landi. Slíkur munur finnst þó í sumum löndum og fer eftir því hvernig þjónustan er veitt í hverju landi,“ segir Berglind. Í þeim löndum þar sem heimafæðingarþjónusta er partur af grunnþjónustu komi börnin jafn vel út í heimafæðingum og sjúkrahúsfæðingum. „Í rannsóknum í Bandaríkjunum hefur útkoma barna sem fæðast heima hins vegar gjarnan verið slæm þar sem heimafæðingar eru ekki samtengdar sjúkrahúsþjónustunni.“

solveig@365.is



**HEIMA** Heimafæðingum hefur fjölgað hratt frá aldamótum. Rannsókn Berglindar gefur konum upplýsingar um útkomu heimafæðinga sem þær geta notað til að taka upplýsta ákvörðun um val á fæðingarstað.






**HEILBRIGÐI** Kroppurinn þarf vítamín yfir vetrarmánuðina. Rauðkál er stúfullt af C-vítamíni svo það ætti að vera oft á borðum. NORDICPHOTOS/GETTY

# HOLLUSTA Í HVERJUM BITA

*Það er alltaf verið að segja okkur hvað grænmeti sé hollt og gott. Flestir vita að kál er mikil heilsubomba. Ferskt rauðkál inniheldur sex sinnum meira C-vítamín en aðrar káltegundir.*

Rauðkál er afar hollt og það er hægt að nota í salat, í taco-rétti og svo má sneiða það niður í skál og borða sem nasl. Ekki skemmir hversu litfagurt það er. Í þessum fallega rauða lit eru adoxunarefni sem gera líkamanum mjög gott. Mælt er með því að borða rauðkál og annað kál að minnsta kosti þrisvar í viku.

**KÚSKÚS-SALAT MEÐ RAUÐKÁLI**

*Kúskús er lagað eftir leiðbeiningum á umbúðum. Gott er að bæta í vatnið safa úr einni sítrónu, tveimur matskeiðum af góðri ólífuolíu, tveimur msk. af hvítvínsediki, pipar og fersku tímíani.*

*Þegar kúskúsið er tilbúið er gott að hræra í því með gaffli og setja á fat. Þá er hálft rauðkálshöfuð skorið smátt niður og sett yfir. Hálfur rauðlaukur afhýddur og sneiddur, 12 vínber og fjögur niðurskorin grænkálsblöð sett út í. Sjóðið þrjú egg í átta mínútur og kælið síðan í köldu vatni. Setjið eggjabáta út í salatið. Hrærið saman í dressingu einni tsk. af sætu sinnepi, einni msk. af hvítvínsediki og smávegis pipar, hellið yfir salatið. Ristið furuhnetur á þurri pönnu og dreifið yfir í salatið.*

Þetta salat er holt og gott. Það gæti verið eitt og sér sem hádegisverður eða sem meðlæti, til dæmis með góðum fiski.



Reynsluakstur **Opel Corsa**
Hættulegustu og **öruggustu bílarnir**
Porsche 3 ár á **undan sölumarkmiðum**
McLaren endurnýjar **kynnin við Honda**

# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 3. FEBRÚAR 2015

## ERU MENGUNARMÆLINGAR DÍSILBÍLA TÓM TJARA?

**Evrópusambandið krefst nýrra og marktækra mæliaðferða á mengun frá nýjum dísilbílum. Margir vilja losna við dísilbíla.**

Lítið sem ekkert er að marka niðurstöður mælinga á mengun frá nýjum dísilbílum, hvorki fólks- né vörubílum. Evrópuráðið ýtir því á að nýjar reglur um þessar mælingar verði lögfestar hið bráðasta. Nýju reglurnar eiga að tryggja það að mælingarnar, sem bílaframleiðendur sjálfir sjá um, gefi rétta mynd af mengun frá bílunum í raunverulegri notkun sem þær alls ekki gera nú. Sumir bílaframleiðendurnir þumbast hins vegar við og vilja fá lengri aðlögunartíma. Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur vakið athygli á þessu í grein á vef sínum.

### Sjöfalt meiri mengun

Kirsten Brosbøl, umhverfisráðherra Danmerkur, hefur mælst til þess að dönsku fulltrúarnir í bílanefnd Evrópuráðsins greiði atkvæði með innleiðingu nýju reglnanna sem átti sér stað 26. janúar síðastliðinn, á næsta fundi nefndarinnar. Sérstakar rannsóknir og prófanir hafa leitt í ljós að útblástur natríumoxíðsambanda (NOx) frá nýjum dísilbílum er að meðaltali sjöfalt meiri í raunverulegri notkun bílanna heldur en hann má vera samkvæmt reglum. Þetta þýðir einfaldlega það að flestir dísilbílar sem fengið hafa gerðarviðurkenningu í seinni tíð hefðu alls ekki með réttu átt að fá hana, en fengu hana vegna þess að mælingaaðferðir sem beitt var voru rangar og gáfu kolrangar niðurstöður.

### Danir þrýsta á nýjar reglur

Þess vegna vill danski umhverfisráðherrann, Kirsten Brosbøl, að ný mælingaaðferð og -tækni verði lögfest hið allra fyrsta svo að bílaframleiðendur geti brugðist sem fyrst við og endurbætt bílana og vélarnar þannig að mengunin frá þeim verði innan settra marka. Nokkrir bílaframleiðendur telja það ómögulegt og hafa óskað eftir lengri aðlögunartíma. Í tillögum að nýjum mælingareglum og -aðferðum segir að mælingarnar skuli framvegis sýna NOx-mengun frá nýjum bílum í raunverulegri notkun. Allir dísilknúnir fólks- og vörubílar sem sótt er um gerðarviðurkenningu fyrir í Evrópu skuli í mengunarpróf og standast lágmarkskröfur laga og reglna áður en gerðarviðurkenning fæst.

**Ríkisstjórn Frakklands hefur tekið til þess ráðs að skattleggja dísilbíla helst út af markaðnum.**

### Frakkar vilja losna við dísilbíla

Frakkar hafa vaknað upp við vondan draum hvað mengun frá dísilbílum áhrærir og nýjar niðurstöður um mengun þeirra hefur orðið til þess að ríkisstjórn Frakklands hefur tekið til þess ráðs að skattleggja dísilbíla helst út af markaðnum. Markmið lagasetningarinnar er greinilega á þá lund að losna við dísilbíla af götum Frakklands, en á undanförnum árum hafa hátt í 80% allra nýrra seldra bíla þar í landi verið með dísilvélum, sökum lítillar eyðslu þeirra. Borgarstjóri London, Boris Johnson, hefur einnig skorið upp herör gegn dísilbílum og reyndar í leiðinni notkun allra bíla í borginni. Johnson hefur lagt til að breska ríkið greiði eigendum dísilbíla allt að 2.000 pund ef þeir skipta úr dísilbíl í bensínbíl. Það gæti hins vegar kostað breska ríkið 300 milljónir punda og því stendur tillaga hans í mörgum. Skemmst er að minnast þess að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur nýverið skilgreint útblástur frá dísilbílum krabbameinsvaldandi og það með óyggjandi hætti, en ekki sem líklegum krabbameinsvaldi.


ÖRUGGT START

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM
Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.

Exide rafgeymarnir fást hjá:
EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION
MAX1 BÍLAVAKTIN
olís
PIPAR\TBWA • SÍA • 131858



## Hagnaður Ford minnkaði um 56% í fyrra

Ford átti ekki eitt af sínum betri árum í fyrra en hagnaðurinn minnkaði um 56% frá árinu 2013. Ford hagnaðist um 429 milljarða króna í fyrra en 965 milljarða árið áður. Fjórði ársfjórðungur síðasta árs var Ford ekki fengsæll, en á honum varð aðeins sjö milljarða króna hagnaður, en 402 milljarða hagnaður árið 2013. Ljósið í myrkrinu var að þessi fjórðungur var sá 22. í röð sem Ford hagnast og er því hálft sjötta ár síðan tap var á rekstri Ford á einum ársfjórðungi. Ford tapaði markaðshlutdeild á heimamarkaði í Bandaríkjunum og var með 14,9% markaðarins við enda árs en 15,9% við árslok 2013. Á móti kom að hlutdeild Ford í Kína jókst úr 4,1% í 4,5% á milli ára. Tekjur Ford í heild í fyrra minnkuðu um 2% og námu 19.310 milljörðum króna.

Framlag af veltu Ford lækkaði frá 5,4% í 3,9% á milli ára og það telur Ford ekki viðunandi. Hagnaður Ford í Bandaríkjunum minnkaði ekki eins mikið og á alheimsvísu, en þó samt um 22%. Þessi minnkaði hagnaður Ford verður til þess að meðalarðgreiðslur á hvern hluthafa í Ford minnkar úr 8.800 dollurum í 6.900. Spáin fyrir hagnað þessa árs hljómar upp á 1.140 til 1.270 milljarða króna. Ford hefur miklar væntingar með nýja kynslóð síns best selda bíls heima fyrir; Ford F-150, sem nú er byggður að mestu úr áli, en hluti skýringarinnar á minnkuðum hagnaði síðasta árs var að Ford þurfti að leggja niður framleiðslu á bílnum til að breyta verksmiðjunum sem hann er framleiddur í. Kostnaður vegna innkallana vó einnig drjúgt í lækkun hagnaðar.



## Volkswagen með þrefaldan sigur í Monte Carlo Rally

Þekktasta einstaka keppnin í mótaröðinni til heimsmeistara í rallakstri er án vafa Monte Carlo Rally og fylgir sigri í henni mikill heiður. Ekki minnkar sá heiður ef þar vinnst þrefaldur sigur, en það var einmitt það sem Volkswagen náði fyrir skömmu. Það voru ökumennirnir Sebastian Ogier, Jari-Matti Latvala og Andreas Mikkelsen sem óku allir Volkswagen Polo-bílum og einokuðu verðlaunapallinn í þessari fyrstu keppni nýhafins keppnistímabils í rallakstri. Ogier hafði sigur, Latvala varð annar og Mikkelsen þriðji. Þetta er í annað sinn sem Volkswagen tekst að fylla verðlaunapallinn í einni keppni WRC, en það tókst einnig í Ástralíu í fyrra. Volkswagen hóf að keppa í World Rally Championship (WRC) árið 2003 og hefur átt afar góðu gengi að fagna síðan.

Sigur Ogiers var sannarlega á heimavelli, en á einni sérleiðinni ók hann fram hjá fæðingarstað sínum í Saint Julien-skóginum. Ogier sigraði einnig í rallakstrinum í Monte Carlo í fyrra og var reyndar í öðru sæti, rétt á eftir Sebastian Loeb, árið þar á undan. Þrefaldur sigur eins bílaframleiðanda í Monte Carlo Rally hefur áður náðst fimm sinnum. Fyrst náði Renault-Alpine því árið 1973, svo Lancia Stratos árið 1976, þá Audi Quattro árið 1984, svo aftur Lancia, með Delta Integrale-bíl sinn árið 1989, og loks Citroën árið 2003. Þá óku fyrir Citroën ekki ófrægari menn en Sebastian Loeb, Colin McRae og Carlos Sainz. Það vekur nokkra athygli að sigursælir bílar frá Subaru, Mitsubishi, Toyota og Ford hafa ekki náð þreföldum sigri í Monte Carlo Rally, þrátt fyrir að hafa á tíma haft mikla yfirburði í World Rally Championship.



Skoda Octavia

# HELDUR VELGENGNI BÍLA AF MILLISTÆRÐ ÁFRAM?

**Bílar frá Volkswagen-bílafjölskyldunni voru með 51% sölunnar í Evrópu í flokki bíla í millistærð. Skoda Rapid með 114% aukningu.**

Síðasta ár var ár millistærðarbílanna í Evrópu. Bílar eins og Volkswagen Golf, Skoda Octavia, Toyota Auris og Peugeot 308 seldust gríðarlega vel og sala þeirra, sem og margra annarra bíla í þessum stærðarflokki, tók stórt stökk. Einstaka bílar í þessum flokki voru með gríðarmikla söluaukningu. Góð dæmi um þetta er að sala Seat Leon jókst um 60%, Peugeot 308 um 59% og Skoda Octavia um 27%. Ekki átti þetta þó við alla bíla í þessum flokki, en sala sumra, sérstaklega bíla sem farnir eru að eldast af núverandi kynslóð, minnkaði. Dæmi um það eru Hyundai i30 með 15% minnkun, Renault Megane með 10% minnkun og Opel/Vauxhall með 9% minnkun. Söluaukning þeirra bíla sem gekk best að selja gerði þó mun meira en að vega upp sölu þeirra bíla sem seldust ver en á árinu 2013 og því varð mikil aukning í flokknum. Spá sumir því reyndar að heildarsalan í flokknum muni falla úr þremur milljónum bíla í Evrópu í fyrra í 2,9 milljónir bíla í ár.

**Mikil velgengni Volkswagen-bílafjölskyldunnar**

Gengi Volkswagen-bílafjölskyldunnar var gríðarlega gott í þessum flokki í fyrra og voru bílar fyrirtækisins með 51% sölunnar í álfunni. Komu þar mest við sölu bílarnir Volkswagen Golf, Skoda Octavia, Skoda Rapid og Seat Leon. Frá 2010 hefur Skoda Octavia farið úr sjötta sæti í sölu í flokknum og upp í það þriðja. Skoda Rapid seldist 114% betur í fyrra en árið 2013. Í Þýskalandi var fór sala Skoda Octavia upp fyrir sölu Ford Focus, en Focus var samt í öðru sæti allra bílgerða í sölu í Evrópu. Þýskaland er orðið stærsti sölumarkaður Skoda-bíla á eftir heimalandinu Tékklandi. Sala Skoda Rapid fór á árinu í fyrra upp fyrir sölu bíla eins og Citroën C4 og Kia cee'd og er það til vitnis um frábært gengi í sölu Skoda-bíla. Sala Seat Leon fór upp úr áttunda sæti söluhæstu bíla í flokknum í Evrópu og upp í það sjötta með sölu á 113.537 bílum.

# NÝ KYNSLÓÐ SUBARU OUTBACK Á LEIÐINNI

**Er laglegri en síðasta kynslóð og útlitið sem afturhvarf til fortíðar.**

Subaru er þessa dagana að kynna nýja kynslóð hins fjölhæfa Subaru Outback, bíls sem hæfir vel íslenskum aðstæðum og selst hefur mjög vel hér á landi til margra ára. Fjölmörgum bílablaðamönnum er nú boðið að reyna bílinn í Ljubliana í Slóveníu og var bílablaðamaður Fréttablaðsins og Vísis á meðal þeirra í síðustu viku. Var bíllinn bæði reyndur í ófærð og á ágætum vegum Slóveníu og Ítalíu og verður ekki sagt annað en að eina ferðina enn hafi Subaru tekist að smíða bíl sem þjónar næstum öllum þörfum ökumanna, ekki síst þeirra sem krefjast mikillar drifgetu, flutningsrýmis, öryggis og þæginda farþega.



Með Subaru Outback af árgerð 2015 er horfið aftur til fortíðar í útliti bílsins.

**Outback sameinar margt**

Þessi bíll sameinar nefnilega svo margt. Fyrir það fyrsta er hann frábær er kemur að erfiðari aðstæðum og þar sem hann er bæði háfættur og búinn rómuðu fjórhjóladrifi Subaru er hann afar hentugur bíll þar sem snjór og erfiðari vegir mæta ökumönnum. Hann er mjög rúmgóður bíll sem fer létt með vísitölufjölskylduna á ferðalagi og með mikið flutningsrými. Hann er einn öruggasti bíll sem hægt er að eignast, en Subaru hefur einfaldlega fengið hæstu einkunn öryggisstofnana um heim allan fyrir allar bílgerðir sínar.

**Magnaður Eyesight-öryggisbúnaður**

Með nýjum Eyesight-öryggisbúnaði, sem enginn annar bílaframleiðandi státar af, er Outback orðinn enn þá öruggari og er þar á ferð staðalbúnaður. Eyesight er athyglisverður búnaður sem styðst við tvær myndavélar sem greina hættu með þríviðum hætti og getur tekið yfir stjórnbúnað bílsins ef hættu ber að höndum. Hreint magnað var að prófa þennan búnað þar sem ekið var hratt að aðsteðjandi hættu og öllum pedölum sleppt og taugarnar þandar. Bíllinn brást fullkomlega við og stöðvaðist sjálfur áður en að árekstri kom. Subaru Outback verður sem fyrr boðinn með dísil- og bensínvél og báðar af boxer-gerð, eins og í öllum öðrum gerðum Subaru-bíla. Reynsluakstursgrein um nýja kynslóð Subaru Outback mun brátt birtast í bílablaðinu.

BÍLAR www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins Finnur Thorlacius finnurth@365.is
Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Auglýsingar Atli Bergmann atlib@365.is Sími 512 5457
Hönnun Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET

## AÐEINS 10% ÚTBORGUN

# LÆKKAÐ VERÐ

Nú er ennþá auðveldara að eignast nýjan Chevrolet




**AÐEINS 10% ÚTBORGUN:**
**295.000 KR.**
**VERÐ FRÁ: 2.955.000 KR.**

### CHEVROLET CRUZE

Glæsilegur Cruze með staðalbúnaði sem setur ný viðmið. Hann er einn sá fallegasti á götunum í dag og er betur búinn en margir mun dýrari bílar.

Lækkað verð á öllum nýjum bílum

**AÐEINS 10% ÚTBORGUN:**
**176.900 KR.**
**VERÐ FRÁ: 1.769.000 KR.**



### CHEVROLET SPARK

Spark er skynsamlegt sparnaðarráð sem verður að veruleika í minni útgjöldum heimilisins. Hann er sparneytinn, umhverfisvænn og fæst á afar hagstæðu verði.

**AÐEINS 10% ÚTBORGUN:**
**542.000 KR.**
**VERÐ FRÁ: 5.424.000 KR.**



### CHEVROLET CAPTIVA

Captiva er sjö sæta, rúmgóður fjórhjóladrifinn sportjeppi sem hentar vel fyrir alla fjölskylduna. Hann er með öflugri díselvél og hlaðinn staðalbúnaði. Komdu og skoðaðu fjölhæfan jeppa á frábæru verði.

**AÐEINS 10% ÚTBORGUN:**
**434.000 KR.**
**VERÐ FRÁ: 4.338.000 KR.**



### CHEVROLET TRAX

Trax þjónar kröfum nútímafólks með fjölbreyttan lífsstíl. Komdu og mátaðu þig við ríkulega búinn, sparneytinn og sprækan Trax – þið eigið örugglega margt sameiginlegt.

Lykill

Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Chevrolet á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara.

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

benni.is | chevrolet.is | Finndu okkur á Facebook

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum



## Mini Minor í samstarfi með Toyota

Mini-bílafyrirtækið er í eigu BMW og nú þegar á BMW í samstarfi við Toyota við þróun og smíði smávaxins sportbíls sem gárungarnir hafa kallað hina nýju Toyota Supra eða arftaka BMW Z4. Fyrirtækin tvö ætla ekki að láta þar við sitja þar sem til stendur að hanna og smíða saman nýjan undirvagn undir nýjan Mini-bíl sem fá mun nafnið Mini Minor og yrði minnsti bíllinn í Mini-fjölskyldunni. Þennan undirvagn ætlar Toyota svo einnig að nota fyrir einhvern sinna bíla. Hugmyndin að nýjum og agnarsmáum Mini er ekki ný af nálinni en slíkur bíll var kynntur fyrir fjórum árum á bílasýningunni í Genf og kallaður þar Mini Rocketman. Mini hefur allar götur síðan hummað fram af sér smíði þess bíls og hefur greinilega leitað í nokkurn tíma samstarfs við annan bílaframleiðanda við þróun hans til að minnka kostnað. Nú er hann fundinn og í sjálfu sér eðlilegt framhald af samstarfi við Toyota með smáa sportbílinn.



## Nýr Mitsubishi Pajero í Chicago

Mitsuhishi Pajero hefur verið óbreyttur frá árinu 2006, en fáir bílar í dag eru státa af níu ára gamalli hönnun. Því er alveg kominn tími á nýja kynslóð Pajero og hana ætlar Mitsubishi að kynna á bílasýningu í Chicago sem hefst eftir fáeinar vikur. Nýr Pajero mun bjóðast sem Plug-In-Hybrid bíll, en ekki er fullljóst hvort svo verður strax og sala þessarar nýju kynslóðar bílsins hefst. Það gæti talist einkennilegt að Mitsubishi velji bílasýningu í Bandaríkjunum til að sýna þessa nýju kynslóð Pajero þar sem hann hefur ekki verið í sölu þar í landi frá árinu 2005. Líklega gefur því staðarvalið til kynna að sala Pajero muni aftur hefjast þar vestra með tilkomu þessa nýja bíls. Mitsubishi ætlar ekki að láta það duga að kynna nýjan Pajero heldur verður einnig kynntur í Chicago nýr jepplingur sem byggir á hugmyndabílnum GC-PHEV concept sem sýndur var á bílasýningunni í Tókýó árið 2013. Líklega verður það endanleg framleiðsluútfærsla bílsins sem verður til sýnis í Chicago.



## BMW hafði Benz undir í sölu í Bandaríkjunum

Afar mjótt var á mununum hjá þýsku lúxusbílaframleiðendunum BMW og Benz hvað fjölda seldra bíla varðar í Bandaríkjunum á nýliðnu ári. BMW seldi 339.738 bíla þar en Mercedes Benz 330.391 bíl. Allt síðasta ár var óljóst hvort fyrirtækið myndi selja fleiri bíla á árinu, en það var svo afar góð sala BMW í desember sem skar á milli. Mercedes Benz varð söluhærra en BMW vestra árið 2013, en BMW var söluhærra árið 2012. Það var svo 9,8% söluaukning BMW í fyrra samanborið við 5,7% aukningu hjá Benz, sem færði BMW aftur toppsætið. Einn annar lúxusbílaframleiðandi er þó að nálgast þá tvo þýsku, þ.e. Lexus, og það frekar hratt. Söluaukning Lexus í fyrra nam 13,7% og heildarsalan var 311.389 bílar. Audi var þó með meiri söluaukningu en áðurnefndir þrír framleiðendur, en aukning Audi nam 15,2% og seldust 182.011 bílar í fyrra. Með þeirri sölu komst Audi upp fyrir Cadillac í sölu meðal lúxusbílaframleiðenda. Cadillac seldi 170.750 bíla, Acura (í eigu Honda) 167.843 bíla, Infinity (í eigu Nissan) 117.300 bíla og Lincoln 94.474 bíla.



Subaru Legacy er einn þeirra níu bíla sem þykja öruggastir, samkvæmt rannsókn IIHS.

# HÆTTULEGUSTU OG ÖRUGGUSTU BÍLARNIR

## Dánartíðni í umferðinni eykst eftir því sem bílar eru minni.

Bílar verða sífellt öruggari og tölur um dauðaslys fara víðast mjög lækkandi um heim allan. Þó eru ekki allir bílar jafn öruggir. Insurance Institute for Highway Safety (IIHS) í Bandaríkjunum hefur tekið saman á hvers konar bílum af árgerð 2011 líklegast er að ökumenn og farþegar láti lífið í umferðaróhöppum. Þar kemur í ljós að smærri bílar eru hættulegastir. Efstur á lista er Kia Rio, en í hverjum milljón slíkum bílum hafa 149 látið lífið. Næsthættulegasti bíllinn er Nissan Versa en þar má búast við 130 banaslysum og í þriðja sæti er Hyundai Accent með 120 banaslys.

**Níu öruggustu bílarnir án dauðaslysa**

Þegar skoðaðir eru öruggustu bílarnir kemur í ljós að í einum níu bílgerðum má gera ráð fyrir að enginn látist. Þetta á við bílgerðirnar Audi A4 4WD, Honda Odyssey, Kia Sorento 2WD, Lexus RX 350 4WD, Mercedes Benz GL-Class 4 WD, Subaru Legacy 4WD, Toyota Highlander Hybrid 4WD, Toyota Sequoia 4WD og Volvo XC90 4WD. Athygli vekur hve margir þessara bíla eru fjórhjóladrifnir, en 13 þeirra 19 bíla sem reyndust öruggastir voru fjórhjóladrifnir.

**Enginn svo öruggur fyrir átta árum**

Þegar IIHS gerði sams konar könnun fyrir átta árum var engin bílgerð sem náði þessum eftirsótta árangri og er það til vitnis um hve bílar og umferðarmannvirki eru nú orðin öruggari en þau voru fyrir áratug. Að sögn IIHS er langt þangað til bílaumferð krefst ekki mannslífa, en sú staðreynd að margar bílgerðir ná þessum árangri nú sýni þó að þessu takmarki megi ná í framtíðinni, en það krefjist bæði öruggari mannvirkja og að bílaframleiðendur haldi áfram á þessari jákvæðu braut varðandi öryggi bíla sinna. Í Bandaríkjunum dó 33.561 í umferðinni árið 2012 en árið 2013 létust 32.719. Tölur fyrir síðasta ár liggja ekki fyrir.

**Því stærri, þeim mun öruggari**

Í könnun IIHS kemur einnig í ljós að tæknilegar framfarir til aukins öryggis í bílum sé meginorsök lækkandi dánartíðni í umferðinni. Sterkari yfirbygging og öryggisbúnaður í bílum hafi komið í veg fyrir 7.700 dauðaslys árið 2012, hefði engin framþróun í smíði bíla orðið frá árinu 1985. Í niðurstöðum IIHS sést einnig að stærri bílar eru öruggari en minni og í minnsta flokki bíla megi sjá að búast megi við að meðaltali 115 dauðsföllum á hverju milljón seldra bíla. Í flokki smærri 4 dyra bíla má búast við 51 dauðaslysi, en þarna munar strax miklu frá minnsta flokki bíla. Í miðstærðarflokki bíla má búast við 29 dauðaslysum og í flokki stærri fólksbíla má búast við 24 dauðaslysum.

# PORSCHE ER ÞRJÚ ÁR Á UNDAN SÖLUMARKMIÐI

## Ætlaði að ná 200.000 bíla sölu 2018 en það næst líklega í ár.

Þegar Porsche hóf sölu á Cayenne-jeppanum sögðu aðdáendur Porsche-bíla að það væri ágætt ef Porsche fengi aura í kassann við sölu jeppa svo nota mætti þá til smíði sportbíla eins og Porsche 911. Það sama var uppi á teningnum þegar sala Panamera-bílsins hófst, sem og sala Macan-jepplingsins. Líklega hafa þeir sömu ekki gert sér grein fyrir hvað framleiðsla þessara þriggja bíla hefur gert fyrir Porsche og hve mikið þeir hafa aukið heildarsölu Porsche. Í áætlunum móðurfyrirtækisins Volkswagen, að verða stærsti bílaframleiðandi heims árið 2018, var gert ráð fyrir því að sala Porsche-bíla yrði komin í 200.000 á ári frá og með árinu 2018. Góð sala á nýjum og vinsælum bílum Porsche á undanförnum árum hefur orðið til þess að þetta 200.000 bíla markmið mun næsta örugglega nást á þessu ári, en Porsche seldi 190.000 í fyrra. Söluaukningin á milli ára var 17% og svo góð sala var til dæmis í desember að í þeim mánuði náðist 39% söluaukning frá fyrra ári. Ein ástæða bjartsýni Porsche með að ná 200.000 bíla sölu, er að í fyrra var Macan-jepplingurinn aðeins í sölu hluta ársins. Samt náðist að selja 45.000 bíla og því ættu þeir að verða talsvert miklu fleiri á þessu ári. Kaupendur Macan-jepplingsins eru að tveimur þriðju hlutum til nýir Porsche-eigendur, en það á mun síður við aðrar gerðir Porsche-bíla.



Porsche Macan










Umboðsaðilar:

**GE Bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilaka.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurl.**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**iB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
490 9090

HYUNDAI

Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200






# GERBREYTT CORSA EN ÚTLITIÐ LÍTIÐ BREYTT

**Svo til hverjum einasta hlut hefur verið breytt. Fæst nú með skemmtilegri 1,0 lítra og 115 hestafla þriggja strokka vél.**

**OPEL CORSA**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Opel Corsa á sér langa sögu, en hann kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1982. Corsa er nú að koma af fimmtu kynslóð en hann er að sönnu mikill magnsölubíll. Hann hefur selst í 12,3 milljónum eintaka frá upphafi og er fyrir vikið afar mikilvægur bíll fyrir Opel, enda stendur hann fyrir þriðjungi allrar sölu Opel. Opel Corsa er mest selda einstaka bílgerð sem framleidd er af öllum þýsku bílaframleiðendunum og selst hann í um 250.000 eintökum á ári bara í Evrópu. Opel Corsa má einnig finna undir nafni Vauxhall í Bretlandi og um tíma einnig undir merkjum Holden í Ástralíu. Svo vel hefur gengið að selja Opel Corsa af síðustu kynslóð hans, þeirri fjórðu, að útlit hans nú er líkt og örlítil uppfærsla frá þeim bíl. En það segir þó alls ekki alla söguna, því breytingar eru á svo til hverjum einasta hlut í bílnum.

Opel Corsa fæst sem fyrr bæði sem þriggja og fimm dyra bíll, en í báðum útfærslum fimm manna. Hann er 4,02 metra langur, en flestir bílar í B-stærðarflokki eru nálægt þeirri lengd.

### Frábær þriggja strokka bensínvél

Undirvagn bílsins er allur nýr, stífleiki hans hefur aukist og fjöðrunin er orðin sportlegri og stífari. Reyndar má breyta hegðun hennar með Comfort- og Sport-stillingu og fæst meiri tilfinning fyrir vegi með Sport-stillingunni. Til að auka á akstursgæfni bílsins hefur hann verið lækkaður um fimm millimetra frá vegi. Allar þessar breytingar frá fyrri kynslóð virðast hafa aukið akstursgetu bílsins og fyrir vikið er ferlega skemmtilegt að henda honum um göturnar, ekki síst um góðar götur Þýskalands þar sem hann var reyndur og þar fannst honum býsna gaman að leika sér. Líklega er enginn bíll í B-flokki hæfari til þess nema ef vera skyldi Ford Fiesta og Volkswagen Polo, en þeir eru einnig rómaðir fyrir akstursgetu. Ein þeirra bensínvéla sem í boði verður í Corsa er 1,0 lítra og þriggja strokka vél með forþjöppu sem fæst í tveimur útfærslum, 90 og 115 hestafla. Þessi vél er hrikalega spræk þrátt fyrir lítið sprengirými og öflugri gerð hennar gerir Corsa að rakettu og gleður mjög ökumenn með þungan bensínfót. Þá er einnig í boði 4-strokka, 1,4 lítra og 100 hestafla vél, líka með forþjöppu. Óhætt er að mæla með þriggja strokka vélinni umfram þá stærri, sérlega í öflugri útfærslu hennar. Einnig er rétt að mæla með beinskiptingu umfram sjálfskiptingu og spara í leiðinni aur. Opel Corsa mun einnig fást með 1,3 lítra dísilvél í tveimur útfærslum, 75 og 95 hestafla og eyða þær svo litlu sem 3,2 lítrum. Skemmtilegust þeirra allra er öflugri 3-strokka vélin. Með hana undir húddinu leggur maður ekki frítt í stæði, en það á við dísilvélina, sem aðeins mengar 88 g/km.

### Lítið breyttur að utan en þess meira að innan

Eins og fyrr sagði er útlitsbreyting Opel Corsa ekki mikil, en samt verður að segja að öllu því sem þó hefur verið breytt hafi verið til góðs. Hann er með fegurra og grimmara nef og hann hefur fengið lánaða flotta neðri hliðarlínuna frá Opel Insignia. Breytingin að aftan er sáralítil, en þó má helst greina á milli kynslóðanna með ljósunum. Ef til vill hefur Opel verið hrætt við að breyta bílnum mikið, rétt eins og Volkswagen með Golf, en báðir eiga það sameiginlegt að hafa selst mjög vel af síðustu kynslóð. Opel hefur tekist að stækka innanrými Corsa þrátt fyrir að bíllinn hafi ekki lengst og hann stendur undir nafni sem 5-manna bíll þrátt fyrir að vera í B-stærðarflokki. Langmesta breytingin á bílnum frá fyrri kynslóð er hvað innréttingu hans varðar. Hún er orðin ári lagleg, þó svo efnisval gæti nú verið ríkulegra. Erfitt er þó að leysa plast af með leðri, burstuðu stáli, viði eða öðru fíneríi í bíl á þessu verði. Greinilegt er að Corsa hefur fengið margt að láni í innanrýminu frá enn minni bróður sínum, Adam, og er það hið besta mál. Hreint magnað er að sjá hve innanrými bílsins er gott og ekki geta aftursætisfarþegar kvartað undan fóta- eða höfuðrými. Farangursrými er 285 lítrar og er á pari við flesta aðra bíla í stærðarflokknum.

### Eitthvað um verðið

Helstu samkeppnisbílar Opel Corsa eru Ford Fiesta, Volkswagen Polo, Renault Clio, Peugeot 208, Kia Rio og Toyota Yaris. Fiesta kostar frá 2.390.000 (65 hestöfl), Polo frá 2.310.000 (75 hestöfl), Clio frá 2.360.000 (75 hestöfl), Peugeot 208 frá 2.290.000 (68 hestöfl), Rio frá 2.550.000 (75 hestöfl) og Yaris frá 2.740.000 ( hestöfl). Opel Corsa mun kosta frá 2.690.000 og er því í hærri kantinum í þessum flokki bíla. Hafa verður í huga að um mjög vel búinn bíl er að ræða og með öflugri vél en flestir hinna. Bílabúð Benna mun hefja sölu á Opel Corsa kringum tuttugasta þessa mánaðar.






## OPEL CORSA

1,0 L BENSÍNVÉL, 115 HESTÖFL
FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla** 4,1 l/100 km í bl. akstri

**Mengun** 115 g/km $CO_2$
**Hröðun** 10,3 sek.
**Hámarkshraði** 195 km/klst.
**Verð** 2.690.000 kr.
**Umboð** Bílabúð Benna

- Mikið rými aftur í
- Fínir akstursseiginleikar
- Hljóðlátur

- Of há mengunargildi bensínvéla
- Efnisval í innréttingu



**Með vel hönnuðu innanrými stendur Corsa undir nafni sem fimm manna bíll og langmesta breytingin frá fyrri kynslóð er í innréttingu bílsins, sem er nú einkar lagleg.**








# Gott úrval af notuðum bílum



**SUZUKI Grand Vitara Premium.**
Skr. 05.2011,
ekinn 93 Þ.KM,
bensín, 5 gírar.
**Verð 3.390.000.**
Rnr.100657.



**SUZUKI Jimny JLX.**
Skr. 05.2012,
ekinn 53 Þ.KM,
bensín, 5 gírar.
**Verð 2.450.000.**
Rnr.100801.



**SUZUKI Grand Vitara Sport.**
Skr. 06.2009,
ekinn 101 Þ.KM,
bensín, 5 gírar.
**Verð 2.480.000.**
Rnr.100337.



**SUZUKI Grand Vitara Luxury.**
Skr. 12.2010,
ekinn 34 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.850.000.**
Rnr.100481.



**TOYOTA Aygo.**
Skr. 12.2012,
ekinn 11 Þ.KM,
bensín, 5 gírar.
**Verð 1.790.000.**
Rnr.100809.



**SUZUKI Swift GL.**
Skr. 06.2013,
ekinn 36 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.330.000.**
Rnr.100833.



**SUZUKI Swift GL 4x4.**
Skr. 07.2013,
ekinn 46 Þ.KM,
bensín, 5 gírar.
**Verð 2.490.000.**
Rnr.100803.



**PORSCHE Cayenne.**
Skr. 07.2005,
ekinn 118 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur,
leður, dráttarbeisli o.fl.
**Verð 2.980.000.**
Rnr.100319.



**KIA Sportage CRDi.**
Skr. 02.2006,
ekinn 108 Þ.KM,
dísel, 6 gírar.
**Verð 1.750.000.**
Rnr.100836.

SUZUKI

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

**Komdu og skoðaðu úrvalið**



## Kia kynnir nýjan tvinnjeppling

Á bílasýningunni í Chicago, sem hefst 12. febrúar, ætlar Kia að kynna nýjan jeppling sem bæði verður drifinn áfram af hefðbundinni bensínvél sem og rafmótorum. Bíllinn verður fjórhjóladrifinn og Kia segir að hann sé mjög seigur torfærubíll með fremur grófgert útlit. Samkvæmt því gæti hann verið líkt og Kia Soul á sterum, en víst er að hann er þó nokkuð háfættari en Kia Soul. Þessi bíll á að henta fólki sem eyðir mestum tíma sínum innan borgarmarkanna, en hefur engu að síður þörf fyrir bíl sem treysta má á erfiðari slóðum stöku sinnum. Þessi hugmyndabíll Kia er því ekki ýkja fjarri hugmyndafræðinni bak við Mitsubishi Outlander, sem einnig er tvinnbíll sem fær á að vera um að fara ótroðnar slóðir. Báða þessa bíla er ódýrt að reka þar sem flestir þeir kílómetrar sem þeim er ekið eru eingöngu á rafmagni.



## Fleiri Cross Country frá Volvo

Volvo framleiðir nú XC60, XC70 og XC90 Cross Country-bílana og eru tveir þeirra fyrstnefndu upphækkaðar útfærslur af V60- og V70-bílum Volvo, en XC90 er nýkynntur bíll og eini jeppinn sem Volvo framleiðir. Volvo framleiðir einnig V40-, S60- og S80-bílana og hefur nú í hyggju að bjóða allar bílgerðir sínar í Cross Country-útfærslu. Styttast fer þó í S90-bíl sem leysa mun af hólmi S80-fólksbílinn og því verður ný Cross Country-gerð hans líklega hækkuð gerð þess bíls. Einnig er ekki langt að bíða nýs V90-bíls sem leysa mun af hólmi núverandi V70-wagon, en Volvo mun einnig bjóða Cross Country-útfærslu þess bíls. Framleiðsla Volvo verður því frekar einföld, fimm fólksbílagerðir sem allar munu einnig fást í Cross Country-útfærslu og svo jepplingurinn XC60 og jeppinn XC90.



## Söguleg stund hjá Volvo

Lars Wrebo, forstjóri framleiðslu og innkaupa, ásamt Peter Mertens, forstjóra rannsókna og þróunar hjá Volvo, sjást hér í fyrsta nýja Volvo XC90. Samkvæmt upplýsingum frá Brimborg er stefnt að því að afhenda fyrstu bílana hér á landi í júlí. „Það er gríðarlegur áhugi fyrir nýja Volvo XC90 enda markar hann stór tímamót hjá Volvo. Við fáum einungis takmarkaðan fjölda bíla fyrst um sinn og við hvetjum því áhugasama til að hafa samband við okkur í tíma til að tryggja sér einn af fyrstu Volvo XC90. Í fyrstu lotu koma bílar með dísilvélinni en síðar koma bílar með tengiltvinnvélinni. Það er þó hægt að panta báðar gerðir strax,“ segir Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar.



Porsche 911 GT3 árgerð 2015.

# PORSCHE FORÞJÖPPUVÆÐIST

## Frá og með árgerð 2016 verða svo til allir bílar Porsche búnir forþjöppu. Næsta gerð Porsche 911 GT3 er þó án forþjöppu.

Fram að þessu hafa fáir bílar frá Porsche verið búnir forþjöppu. Þar á bæ hefur ríkt nokkur tregða við að nota forþjöppur nema í allra öflugustu gerðir bíla fyrirtækisins. Því hafa flestar vélar Porsche verið „naturally aspired“ eins og sagt er upp á enska tungu um vélar sem hvorki fá aðstoð frá forþjöppum né keflablásurum. Á þessu verður brátt breyting og frá og með árgerð 2016 verða svo til allir bílar Porsche búnir forþjöppu. Ástæða þessarar stefnubreytingar Porsche eru sífellt strangari reglur um mengun bíla. Porsche á í raun enga undankomuleið þar sem forþjöppuvæðing er skilvirkasta leiðin til að minnka eyðslu bíla þeirra án þess að afl þeirra minnki. Í leiðinni mun Porsche minnka sprengirými flestra sinna bíla, en engu að síður mun afl þeirra bara aukast.

### Sá síðasti án forþjöppu

Stutt er í að næsta árgerð Porsche 911 GT3 RS komi á markað og verður það síðasti bíll þeirrar gerðar frá Porsche sem ekki mun hafa forþjöppu í vélarhúsinu. Bíllinn verður slétt 500 hestöfl og með bættu loftflæði ætti þessi bíll, sem sérhannaður er fyrir brautarakstur, að skera minnst 5 sekúndur af 7:20 tímanum sem hann hefur náð á Nürburgring-brautinni. Næsta gerð af hefðbundnum Porsche 911 Carrera mun sem sagt fá forþjöppu og minna sprengirými, en Porsche 911 Carrera S heldur sínu 3,8 lítra sprengirými en með aðstoð forþjöppu mun hann skila 520 hestöflum. Það er á pari við núverandi Porsche 911 Turbo. Porsche hefur einnig látið hafa eftir sér að styttast fari í rafmagnsútfærslu 911 bílsins. Boxster- og Cayman-bílar Porsche munu einnig fá forþjöppur, en aðeins fjögurra strokka vélar.

# McLAREN ENDURNÝJAR KYNNIN VIÐ HONDA

## Hætti með Honda-vélar fyrir 23 árum en tekur nú upp þráðinn eitt liða í Formúlu 1-kappakstrinum næsta tímabil.

| ÖMURLEG BRÚÐKAUP | KL 5.30 - 9 ÍSLTEXTI | L |
| BÉLIER FJÖLSKYLDAN | KL 6.30 - 10.20 ENS.TEXTI | L |




**CLAUDIA SCHIFFER** Ofurfyrirsætan hefur gengið til liðs við fyrirtækið Tse. NORDICPHOTOS/GETTY

## Schiffer með prjónalínu

Claudia Schiffer hefur gengið til liðs við prjónavörufyrirtækið Tse. Saman ætla þau að framleiða fyrstu tímalausu prjónavörulínu fyrirsætunnar. Um er að ræða línu með sautján kasmír- og ullarblönduvörum, þar á meðal kjóla, peysur og buxur. Innblásturinn var fenginn úr ljósmyndum sem David Hockney tók á áttunda áratugnum. Einnig minnir línan á uppvöxt hinnar 44 ára Schiffer í Þýskalandi, auk þess sem áhugi hennar á heimili sínu í ensku sveitinni veitti henni innblástur.

# Ég fer í (vel skipulagt) fríið

**BAKPANKAR** Söru McMahon



Í upphafi hvers nýs árs fer eitthvað að gerjast innra með mér; Einhver þörf fyrir því að skipuleggja frí og ferðalög í þaula – alveg niður í minnstu smáeindir. Uppkast að sumarfríinu 2015 situr svo gott sem tilbúið á skrifborðinu heima og Wordskjöl með upplýsingum, umsögnum og heimilisföngum gistiheimila og veitingastaða má finna í möppu í tölvunni minni. Að auki hef ég punktað hjá mér hvers kyns afþreyingu sem í boði eru á hverjum stað.

**MÉR** nægir ekki að gera bara áætlun um allt sem viðkemur gistingu og skemmtun áður en ég held af stað í fríið – mér liggur líka á að hafa samband við fólk sem ég þekki svo við getum sammælst um stefnumót. Það er næsta víst að maður nái fólki ef maður skipuleggur fundinn marga mánuði fram í tímann. Þið þekkið þetta öll, það á að grípa gæsina á meðan hún gefst!

**FERÐAFÉLAGARNIR** taka misvel í þessa áráttu mína. Sumum álíka vel skipulögðum einstaklingum þykir þetta hið besta mál á meðan öðrum finnst ég setja þeim helst til of miklar skorður í fríinu. Þeir einstaklingar hafa engan skilning á þeim mörgu kostum sem fylgja því að vera búinn að ganga frá borðapöntun sex mánuði fram í tímann.

**ÉG** viðurkenni þó fúslega að ég skil röksemdafærslu þeirra. Það er vissulega lítið svigrúm fyrir hvatvísi þegar maður þarf að halda ströngu prógrammi. Einmitt þess vegna hef ákveðið að leyfa hvatvísinni að vera hluti af „programmet“ í sumar og hef tekið frá nokkra daga þar sem framhleypnin fær að vera við völd. Við sjáum svo hvernig það fer.

# Fjórir kjólar á tólf mínútum

Söngkonan Katy Perry sá um skemmtiatriðið í hálfleik Ofurskálarinnar á sunnudag. Atriðið þótti mjög vel heppnað en á þessum tólf mínútum sem hléið stóð klæddist söngkonan alls fjórum kjólum. Það var bandaríski fatahönnuðurinn Jeremy Scott sem sá um að hanna kjólana. Hann er listrænn stjórnandi tískuhússins Moschino og vakti lína hans, sem innblásin var af McDonalds, mikla athygli í haust.



**ELDKJÓLLINN** Fyrsti kjóllinn sem hún klæddist þegar hún kom inn á völlinn ríðandi á risastóru gullljóni var eld-pallíettukjóll. Innblásturinn að kjólnum er kominn frá Adidas-íþróttaskóm sem eru með eldvængjum og átti Perry hugmyndina að þeirri tengingu. Scott ætlaði upphaflega að setja vængi á kjólinn, en Perry vildi hafa eld. NORDICPHOTOS/GETTY



**HETTUPEYSUKJÓLL** Scott sagði að þessi kjóll hefði verið erfiðastur, eins einfaldur og hann virtist. Þegar hann komst að því að hún ætti að rappa með Missy Elliott sagði hann ekki koma til greina að hún yrði í strandboltabikiníinu. Hann útfærði því þennan hettupeysukjól. Honum þurfti hann að breyta eftir generalprufuna þar sem hann lyftist of mikið upp í atriðinu.



**CALIFORNIA GIRLS-BIKINÍ** Kjóll númer tvö varð að passa undir kjól númer eitt. Scott hugsaði þetta eins og rússneskar babúskur, því Perry hafði aðeins tíu sekúndur til að skipta. Bikinítoppurinn var innblásinn af strandboltum sem passaði vel við lagið California Girls.



**STJÖRNUKJÓLLINN** Venjulega eru svona kjólar gerðir fyrir rauða dregilinn, en í þessu tilfelli þurfti að hugsa allt upp á nýtt, breyta rennilásnum og gera festingar fyrir vír á axlirnar. Kjóllinn var innblásinn af Barbie-dúkku og vildu þau hafa hann hálf teiknimyndalegan. Pallíetturnar voru stjörnulaga og sumar þeirra í lófastærð.




BÍÓ ★ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ 1000 KALL MIÐINN!

| | |
|---|---|
| Turist | 18.00 |
| Whiplash | 18.00, 20.00 |
| Girlhood | 20.00 |
| A most wanted man | 22.15 |
| París norðursins ENG SUB | 22.00 |
| SÍÐUSTU SÝNINGAR: | |
| Mommy | 17.30 |
| Winter sleep | 20.00 |



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



MYNDIN SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM

**SÝND ÁFRAM VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA Í HÁSKÓLABÍÓI OG BORGARBÍÓI AKUREYRI!**



# ÖMURLEG BRÚÐKAUP

## SERIAL (BAD) WEDDINGS

**„MANNBÆTANDI OG FYNDIN“**
- VALUR GUNNARSSON, DV

græna ljósið
-betra bíó

# ÞAÐ VAR LYKT AF SPILLINGU

Kjartan Steinbach, fyrrverandi formaður dómaranefndar Alþjóðahandknattleikssambandsins, IHF, segir að dómgæslan í leikjum Katar á heimsmeistaramótinu hafi verið heimamönnum í hag í útsláttarkeppninni. Kjartan segir ýmislegt annað hafa verið undarlegt.

**HANDBOLTI** Umræðan í kringum lið Katar á nýafstöðnu HM er ekkert sérstaklega jákvæð. Það var áhugavert að þjálfarar og leikmenn margra liða veigruðu sér við að ræða dómgæsluna í leikjum liðsins á mótinu. Pólverjar sprungu þó eftir undanúrslitaleikinn gegn Katar.

Þeir klöppuðu hæðnislega fyrir dómurunum eftir leikinn og einn þeirra sagði að allir gætu séð að það hafi verið löngu búið að ákveða úrslit leiksins. Hann sagði líka að dómarar leiksins ættu aldrei að fá að dæma aftur.

„Ég get ekki fullyrt neitt um spillingu en ég get sagt mína skoðun. Mér fannst lykta af því að það væri verið að dæma viljandi með Katar,“ segir Kjartan Steinbach en hann var formaður dómaranefndar Alþjóðahandknattleikssambandsins, IHF, í ein átta ár og þekkir þessi mál vel sem og mennina sem standa í kringum dómaramálin. „Það var farið að túlka reglurnar öðruvísi núna. Þessi túlkun gerir það að verkum að ef dómararnir vilja vera óheiðarlegir þá geta þeir falið það betur.“

Þegar komið var út í útsláttarkeppnina fannst flestum áhorfendum sem það hallaði verulega á andstæðinga Katar. Kjartan er sammála því.

„Ef við teljum frá 16-liða úrslitunum þá fannst mér Katarbúar hagnast á dómgæslunni í öllum þremur leikjum sínum á leið í úrslitin. Þetta lítur út eins og að þeim hafi verið hjálpað í úrslit,“ segir Kjartan en hann segir aftur á móti að Katarar hafi ekki fengið dómgæsluna áberandi með sér í úrslitaleiknum gegn Frökkum.

Katar vann þrjá leiki í útsláttarkeppninni til þess að komast í úrslit. Dómararnir í þeim leikjum voru frá Króatíu, Makedóníu og Serbíu.

### Feðgar með völdin

Formaður dómaranefndar EHF, Dragan Nachevski, var þar að auki eftirlitsmaður á ritaraborðinu í leikjum Katar í átta liða og undanúrslitaleiknum. Hann er líka í dómaranefnd IHF og sonur hans var annar dómaranna í leiknum í 8-liða úrslitunum gegn Þýskalandi.

„Mér fannst það mjög undarlegt. Ég hefði aldrei samþykkt að hafa kallinn á borðinu þegar sonurinn er að dæma ef ég hefði enn verið að stýra málum þarna. Ég hefði enn síður samþykkt að hafa hann á borðinu í undanúrslitaleiknum og þá var hann í þeirri stöðu að ráða öllu á ritaraborðinu,“ segir Kjartan.

Þó svo ekki margir hafi þorað að tjá sig á HM þá býst Kjartan við því að menn fari að gera það núna.

„Það munu ýmsir menn opna sig. Menn sem vildu ekki opna munninn í Katar. Okkar þjálfarar í Katar með erlendu liðin fóru til að mynda mjög varlega í öllu sem þeir sögðu. Það var ekki fyrr en eftir undanúrslitaleikinn sem menn létu í sér heyra. Einn Pólverjinn var þá dæmdur í sex mánaða bann og það bann er byggt á skýrslu Dragans Nachevski. Það veit ég. Ég held að sú umræða sem fer í gang núna verði þess valdandi að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af dómgæslunni þegar upp er staðið.“

henry@frettabladid.is



**SVEKKTIR** Pólverjar voru brjálaðir eftir að hafa tapað fyrir Katar í undanúrslitum HM. Kjartan er á innfelldu myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**FRAMBOÐ** Jónas Ýmir Jónasson ætlar í framboð gegn sitjandi formanni KSÍ. Kosið verður á ársþingi sambandsins 14. febrúar næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Gott að opna umræðuna

Jónas Ýmir Jónasson býður sig fram á móti Geir Þorsteinssyni sem formaður Knattspyrnusambands Íslands. Vill leyfa fólki að vita hvað gerist hjá KSÍ.

**FÓTBOLTI** „Ég veit ekki hvort fólk þorir ekki að fara á móti honum, en ég er með margar hugmyndir sem ég vil koma fram og tel mig alveg tilbúinn í þetta.“

Þetta segir Jónas Ýmir Jónasson, 38 ára starfsmaður Suðurbæjarlaugar og knattspyrnuáhugamaður, við Fréttablaðið, en Jónas Ýmir hefur boðið sig fram til formanns KSÍ. Hann fer því upp á móti Geir Þorsteinssyni, sitjandi formanni, sem hefur sinnt starfinu síðan 2007.

„Hann er búinn að vera formaður í átta ár og unnið frábært starf, en nú er kominn tími á breytingar. Það hefur enginn gott af því að vera of lengi í starfi. Mér finnst að kjörtímabilið ætti að vera fjögur ár í senn og menn mættu mest sitja tvö kjörtímabil,“ segir Jónas.

Síðar í vikunni ætlar að Jónas Ýmir að koma á framfæri hugmyndum sínum um framtíðarstefnu KSÍ, en það er þó eitt sem brennur hvað helst á honum.

„Þetta virðist vera svolítið lokuð klíka. Ég vil opna þetta meira og t.a.m. opna bókhaldið og leyfa fólki að sjá í hvað peningarnir fara. Geir hefur gert margt gott, en samt eru hlutir sem þarf að laga og bæta. Framboð mitt opnar allavega á umræðu um þessa hluti og það er gott fyrir alla að breyta hugsunarhætti sínum. Ekkert varir að eilífu,“ segir Jónas Ýmir.

Hann segist hafa fengið stuðning eftir að framboðið var kynnt í gær og býst við meiri stuðningi síðar í vikunni þegar hann kynnir sínar hugmyndir. Jónas hefur íhugað lengi að fara í framboð.

„Ég hugsaði þetta fyrir síðustu formannskosningar en augljóslega gerði ég ekkert í því þá. Ég hef pælt í þessu síðustu tvö ár og lét verða af þessu núna. Það hafa allir gott af smá samkeppni og það á líka við um formann KSÍ,“ segir Jónas Ýmir, skellir svo upp úr og bætir við í gamni: „Ekki meir, Geir.“

Jónas hefur verið knattspyrnuáhugamaður frá blautu barnsbeini og mætt á nær alla leiki liðsins í þrjá áratugi. „Ég var þarna líka í gegnum erfiðu tímana. Við pabbi eru miklir FH-ingar þó ég sé líka í mikilli Haukafjölskyldu. Þó við séum FH-ingar þá eru engin vandamál í fjölskyldunni,“ segir hann léttur í bragði.

Jónas er í sambúð með Hjördísi Pétursdóttur, geislafræðingi á Landspítalanum, en þau hafa verið í sambandi í 19 ár. Þau eiga tvö börn: Stúlku sem er sex ára og dreng sem er þrettán ára.

„Strákurinn hefur ekki mikinn áhuga á fótbolta en sú litla æfir bæði handbolta og fótbolta með FH. Það er mikil íþróttaástríða í henni eins og pabba sínum,“ segir Jónas Ýmir Jónasson.

tomas@365.is



Tækifæri og styrkir í Evrópusamstarfi
Erasmus+ og Creative Europe

Kynningarfundur í Reykjavík

Fimmtudaginn 5. febrúar kl.12:00 – 13:30, Borgartúni 30, 6. hæð
Kynningin verður einnig send út á vefnum

Dagskrá:

Erasmus+ menntun
• Nám og þjálfun
• Samstarfsverkefni

Menningaráætlun ESB - Creative Europe

Kynningin hefst kl. 12:00 með léttu hádegissnarli.
Skráning á www.erasmusplus.is

Nám og þjálfun: Umsóknarfrestur til 4. mars 2015
Samstarfsverkefni: Umsóknarfrestur til 31. mars 2015

**Erasmus+** mennta-, æskulýðs- og íþróttaáætlun ESB veitir skólum, stofnunum, félagasamtökum, sveitarfélögum og fyrirtækjum einstakt tækifæri til að taka þátt í fjölþjóðlegu samstarfi. Erasmus+ styrkir verkefni á öllum stigum menntunar og verkefni á sviði æskulýðsstarfs og íþrótta.

**Menningaráætlun ESB - Creative Europe** styrkir menningarstofnanir hvers konar, bókaútgefendur, menningarmiðstöðvar, listasöfn, leikhús, myndlist o.fl. Áætlunin styður við allar tegundir listgreina.

Creative Europe www.creativeeurope.is
Erasmus+ www.erasmusplus.is
rannís www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Sigurbjörg hittir lækni á fimmtudaginn

## Leikstjórnandi Fram í Olís-deild kvenna heldur í vonina um að krossband hafi ekki slitnað um helgina.

**HANDBOLTI** Sigurbjörg Jóhannsdóttir, leikstjórnandi Fram í Olís-deild kvenna í handbolta, meiddist í fyrri hálfleik í leik liðsins gegn ÍBV á laugardaginn eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær. Eftir að hún reyndi við skot að marki ÍBV meiddist hún á hné og þurfti að fara af velli.

„Ég var í uppstökki í gær (fyrradag) og það kom snúningur eða slinkur á hnéð og eitthvað gaf sig,“ sagði Sigurbjörg við Fréttablaðið á sunnudaginn.

Þegar blaðið ræddi við Sigurbjörgu í gær kvaðst hún hafa það ágætt en það væri vissulega vegna þess að engin áreynsla væri á hnénu.

„Mér líður alveg bærilega en ég er líka bara frekar róleg og er að hvíla mig. Þá er ég ekki með mikla verki,“ segir Sigurbjörg sem hefur ekki tilfinningu fyrir því hvort krossbandið sé slitið eins og óttast var.

„Ég held í vonina um að þetta sé ekki eins alvarlegt og maður óttast. Ég vona bara að þetta sé ekki jafn alvarlegt og ég geti náð mér á skemmri tíma,“ segir þessi frábæri leikstjórnandi, en hún fær ekki að vita hvað amar að fyrr en undir lok vikunnar.

„Ég fæ tíma hjá lækni á fimmtudaginn og vonandi myndatöku í kjölfarið. Þá fæ ég að vita hversu alvarlegt þetta er,“ segir Sigurbjörg við Fréttablaðið.

Það er ljóst að hún verður ekki með Fram þegar liðið mætir HK næsta laugardag, en það yrði mikið áfall fyrir Safamýrarstúlkur að missa Sigurbjörgu í langvarandi meiðsli. Hún hefur verið besti leikmaður deildarinnar til þessa og var kjörin sá besti þegar fyrri helmingurinn deildarinnar var gerður upp fyrir áramót.

Fyrir utan það að stýra leik Framliðsins hefur hún verið drjúg í markaskorun og er næstmarkahæst í liðinu með 72 mörk, aðeins fimm mörkum minna en ungstirnið Ragnheiður Júlíusdóttir.

Fram er í öðru sæti Olís-deildarinnar, aðeins stigi á eftir toppliði Gróttu sem gerði óvænt jafntefli við Fylki um helgina.

- tom



**FRÁBÆR** Sigurbjörg hefur spilað mjög vel fyrir Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÚRSLIT** KR fer í Höllina og fær tækifæri til að hefna ófaranna gegn Stjörnunni frá 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## POWERADE-BIKAR KK

**KR - TINDASTÓLL 88-80 (44-35)**

**KR:** Michael Craion 26/16 fráköst, Pavel Ermolinskij 19/8 fráköst, Björn Kristjánsson 12, Brynjar Þór Björnsson 12, Helgi Már Magnússon 7/6 fráköst, Finnur Atli Magnússon 6/9 fráköst, Darri Hilmarsson 4/7 fráköst, Þórir Guðmundur Þorbjarnarson 2.

**Tindastóll:** Darrel Keith Lewis 18, Ingvi Rafn Ingvarsson 13/4 fráköst, Helgi Freyr Margeirsson 12, Darrell Flake 10/6 fráköst, Helgi Rafn Viggósson 9/7 fráköst/6 stoðsendingar, Pétur Rúnar Birgisson 9, Myron Dempsey 5/8 fráköst, Svavar Atli Birgisson 4/4 fráköst.

## POWERADE-BIKAR KVK

**GRINDAVÍK - NJARÐVÍK 81-47 (46-12)**

**Grindavík:** Petrúnella Skúladóttir 16, María Ben Erlingsdóttir 12/5 fráköst/3 varin skot, Jeanne Lois Figeroa Sicat 9, Lilja Ósk Sigmarsdóttir 9/15 fráköst, Katrín Ösp Rúnarsdóttir 7, Guðlaug Björt Júlíusdóttir 6/4 fráköst, Berglind Anna Magnúsdóttir 6, Pálína Gunnlaugsdóttir 5/7 fráköst, Hrund Skuladóttir 5, Kristina King 4, Jóhanna Rún Styrmisdóttir 2/6 fráköst, Ingibjörg Jakobsdóttir 0/5 stoðsendingar.

**Njarðvík:** Andrea Björt Ólafsdóttir 15/7 fráköst, Erna Hákonardóttir 11, Ása Böðvarsdóttir-Taylor 5, Karen Dögg Vilhjálmsdóttir 4/4 fráköst, Andrea Ösp Böðvarsdóttir 4, Júlia Scheving Steindórsdóttir 2, Guðbjörg Ósk Einarsdóttir 2, Svala Sigurðadóttir 2.



**FLÓRENS-LUNDÚNIR** Juan Cuadrado er mættur til Chelsea. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Schürrle út og Cuadrado inn

**FÓTBOLTI** Chelsea gerði framherjaskipti á lokadegi félagaskiptagluggans í gær. Lundúnaliðið seldi Þjóðverjann André Schürrle til Wolfsburg fyrir 27 milljónir punda, en hann kom til liðsins sumarið 2013 frá Bayer Leverkusen og spilaði 44 leiki úrvalsdeildinni. Schürrle, sem var í heimsmeistaraliði Þýskalands síðasta sumar, fær 85 þúsund pund á viku hjá Wolfsburg.

Chelsea var fljótt að leysa hann af en eins og lá í loftinu gekk félagið frá kaupum á kólumbíska landsliðsmanninum Juan Cuadrado frá Fiorentina fyrir 26 milljónir punda.

Cuadrado vakti verðskuldaða athygli á HM í Brasilíu þar sem hann fór með Kólumbíumönnum í átta liða úrslit.

- tom


Gott. Betra. Bosch.



**Hjá Bosch er hvert smáatriði gaumgæft.** Þess vegna prófar Bosch allar vörur sínar vel og vandlega. Og svo prófa þeir þær aftur. Síðan prófa aðrir þær, til dæmis Råd & Rön og hliðstæðar prófunarstofnanir í löndum víða í Evrópu.

Árangurinn? Sigursælt vörumerki!

**Gæðin endurspeglast af hverju smáatriði.**

**Hér fyrir neðan eru nokkur dæmi um viðurkenningar sem Bosch hefur fengið fyrir heimilistæki sín.**




**Uppþvottavél**
SMU 53M72SK




**Uppþvottavél**
SMU 53M72SK



**Spanhelluborð**
PIE 645F17E

Hæsta einkunn fyrir hraða og viðurkenning fyrir gæði og góða frammistöðu hjá sænska prófunar- og rannsóknarsetrinu Testfakta, september 2013.



**Straujárn**
TDA 702421E




**Kæli- og frystiskápur**
KGN 36AW32




**Hrærivél**
MUM 52120




**Hraðsuðukanna**
TWK 8611



**Vínglasahalda í uppþvottavélar**
SMZ 5300

BOSCH
BÚÐIN

Opið virka daga frá kl. 11 - 18
og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 19.20
### Um land allt



Kristján Már Unnarsson leggur land undir fót og heimsækir áhugavert fólk. Við heimsækjum höfuðslóðir íslenskrar skógræktar á Fljótsdalshéraði. Förum á Hallormsstað og Egilsstaði og fræðumst um vaxandi skógarauðlind Íslendinga. Við hittum alvöru íslenska skógarhöggsmenn og heyrum um tækifærin sem menn sjá í skóginum.

## Í KVÖLD



### Pretty Little Liars

**STÖÐ 3 KL. 21.00** Fimmta þáttaröðin af þessum dramatísku þáttum um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.



### Modern Family

**GULLSTÖÐIN KL. 19.40** Þriðja þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.



### The Big Bang Theory

**STÖÐ 2 KL. 21.00** Áttunda þáttaröðin um félagana Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar. Hæfileikar þeirra nýtast þeim þó ekki í samskiptum við annað fólk og allra síst við hitt kynið.

## Bylgjan kl. 19.15
### Erna Hrönn

Þægilegt þriðjudagskvöld á Bylgjunni með Ernu Hrönn.







FRUMSÝNING
1. FEBRÚAR
UPPSELT

NÆSTU SÝNINGAR
4. FEB. / 13. FEB. / 14. FEB. / 19.FEB

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á
midi.is

Einnig í Gamla bíói frá kl 15-18 alla virka daga og 15-20 sýningardaga.
Gamla bíó: **563 4000** ▪ Hópasala: **786 3060** ▪ **eddan2015@gmail.com**


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Wonder Years
**08.30** Gossip Girl
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** The Middle
**10.40** Anger Management
**11.05** Flipping Out
**11.50** Covert Affairs
**12.35** Nágrannar
**13.00** The Crimson Field
**13.55** American Idol
**15.15** American Idol
**15.35** Ofurhetjusérsveitin
**15.55** Raising Hope
**16.20** Undateable
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag.
**19.11** Veður
**19.20** Um land allt
**19.55** Cherry Healy. The Secret of Sales
**21.00** The Big Bang Theory
**21.20** Gotham
**22.05** Stalker
**22.50** Daily Show. Global Edition
**23.15** Weeds
**23.45** A to Z
**00.10** Olive Kitteridge
**01.10** Bones
**01.55** Getting On
**02.25** Game Of Thrones
**03.25** Why Did I Get Married Too?
**05.30** The Big Bang Theory

## SPORT *besta sætið*

**11.20** Chelsea - Liverpool
**13.40** Man. City - Middlesbrough
**15.20** Real Madrid - Real Sociedad
**17.00** Spænsku mörkin 14/15
**17.30** Barcelona - Villarreal
**19.10** World's Strongest Man 2014
**19.40** Man. Utd. - Cambridge Bein útsending
**21.45** Bballography. Schayes
**22.10** Ísland - Frakkland
**23.30** UFC Now 2014
**00.20** Man. Utd. - Cambridge

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** Messan
**08.15** Messan
**12.45** Premier League World 2014
**13.15** Hull - Newcastle
**14.55** Football League Show 2014/15
**15.25** Sunderland - Burnley
**17.05** Messan
**18.20** Liverpool - West Ham
**20.00** Premier League Review 2014/2015
**20.55** Bournemouth - Watford
**22.35** Stoke - QPR

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** 433 **21.30** Gönguferðir

## STÖÐ 3

**17.45** Jamie & Jimmy' Food Fight Club
**18.35** Baby Daddy
**19.00** Wipeout
**19.45** My Boys
**20.10** One Born Every Minutes UK
**21.00** Pretty little liars
**21.45** Southland
**22.30** Flash
**23.10** Arrow
**23.55** Sleepy Hollow
**00.40** Wipeout
**01.20** My Boys
**01.45** One Born Every Minutes UK
**02.30** Pretty little liars
**03.10** Southland
**03.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Elías **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.22** Latibær **09.47** Ævintýraferðin **10.00** Strumparnir **10.25** Kalli á þakinu **10.47** Tommi og Jenni **10.53** Mamma Mu **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Elías **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.22** Latibær **13.46** Ævintýraferðin **14.00** Strumparnir **14.25** Kalli á þakinu **14.47** Tommi og Jenni **14.53** Mamma Mu **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Elías **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.22** Latibær **17.46** Ævintýraferðin **18.00** Strumparnir **18.25** Kalli á þakinu **18.47** Tommi og Jenni **18.53** Mamma Mu **19.00** Skoppa og Skrítla í bíó **20.00** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.25** Friends
**18.50** Mom
**19.15** Modern Family
**19.35** Two and a Half Men
**20.00** Veggfóður
**20.40** Lífsstíll
**21.00** The Following
**21.45** The Blacklist
**22.30** Grimm
**23.15** Chuck
**23.55** Cold Case
**00.40** Veggfóður
**01.20** Lífsstíll
**01.45** The Following
**02.25** The Blacklist
**03.10** Grimm
**03.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.40** Working Girl
**12.35** Multiplicity
**14.30** What to Expect When You are Expecting
**16.20** Working Girl
**18.15** Multiplicity
**20.10** What to Expect When You are Expecting
**22.00** Our Idiot Brother
**23.30** Taken 2
**01.05** The Details
**02.45** Our Idiot Brother

## RÚV

**16.40** Herstöðvarlíf.
**17.20** Músahús Mikka
**17.43** Robbi og skrímsli
**18.05** Táknmálsfréttir
**18.15** Hringborðið
**18.55** Öldin hennar
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþrótti
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Djöflaeyjan
**20.30** Castle
**21.15** Bernie Ecclestone: Kappakstur og aflandsauður
**21.45** Handboltalið Íslands Páttaröð um bestu handboltalið Íslands. Hópur sérfræðinga hefur valið sjö handboltalið í karla- og kvennaflokki sem koma til greina sem besta handboltalið Íslands. Rætt er við sérfræðinga, leikmenn og þjálfara, rifjuð upp afrek síðustu ára og skyggnst inn í sögu félaganna. Áhorfendum gefst að lokum kostur á að velja besta liðið í handboltanum í sérstökum lokaþætti.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Fallið Sálfræðitryllir um raðmorðingja sem situr um fórnarlömb sín í nágrenni Belfast.
**23.20** Víkingarnir
**00.05** Kastljós
**00.30** Fréttir
**00.45** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.40** Cheers
**15.05** Hotel Hell
**15.55** Svali & Svavar
**16.30** Survivor
**17.05** An Idiot Abroad Ricky Gervais og Stephen Merchant eru mennirnir á bakvið þennan einstaka þátt sem fjallar um vin þeirra Karl Pilkington og ferðir hans um sjö undur veraldar. Mexíkó er næst í röðinni en þangað heldur Karl til að fagna páskunum. Hann prófar mexíkóska fjölbragðaglímu og heimsækir hof sem byggt var á níundu öld.
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** Trophy Wife
**20.15** Jane the Virgin
**21.00** The Good Wife
**21.45** Elementary
**22.30** The Tonight Show
**23.15** Madam Secretary
**00.00** Blue Bloods
**00.45** The Good Wife
**01.30** Elementary
**02.15** The Tonight Show

## Golfstöðin

**08.00** Golfing World 2015
**08.50** PGA Tour 2015
**12.50** Golfing World 2015
**13.40** PGA Tour 2015
**17.10** Inside The PGA Tour 2015
**17.35** Golfing World 2015
**18.25** PGA Tour 2015 - Highlights
**19.20** European Tour 2015
**23.20** Golfing World 2015

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



BRUNA
LIÐIÐ
Á LEIÐINNI Í ELDBORG
OFURGRÚPPA ÍSLANDS SNÝR AFTUR
ELDBORG, HÖRPU – 18. APRÍL KL. 19:30
MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10:00 Á
HARPA.IS OG MIDI.IS
Það er sannarlega stórviðburður þegar sjálft Brunaliðið kemur saman aftur eftir 35 ára hlé. Það er við hæfi að Maggi Kjartans, Diddú, Pálmi, Maggi Eiríks, Laddi og öll hin rísi úr öskunni í Eldborg og kveiki ærlega í mannskapnum. Ég er á leiðinni, Einskonar ást, Sandalar og allir hinir smellirnir fá að óma. Tryggðu þér miða strax. Það er ÚTKALL!
HARPA
DÆGURFLUGAN

## MORGUNMATURINN



**„Ég fæ mér undantekningarlaust grænan djús á morgnana. Aðra hverja helgi, þegar ég er að opna á Kaffihúsi Vesturbæjar, fæ ég mér þó nýbakað pain au chocolate.“**

Fríða Dís Guðmundsdóttir söngkona

# Safna saman sögum um heimilisofbeldi

Þrjár leikkonur vinna að leiksýningu sem segja mun sögu einstaklinga sem þekkja til heimilisofbeldis.

Leikkonurnar Guðrún Bjarnadóttir, Halldóra Rut Baldursdóttir og Hildur Magnúsdóttir vinna nú að leiksýningu sem segja mun sögu einstaklinga sem þekkja til heimilisofbeldis.

„Við erum að safna sögum sem hugrakkt fólk er tilbúið að deila með okkur; fólk sem er þolendur, gerendur og aðstandendur,“ segja þær, en verkið verður unnið með aðferðum eins konar heimildaleikhúss sem nefnist Verbatim.

„Það er ekki spurning að umræðan hefur opnast og það hefur orðið vitundarvakning í samfélaginu,“ segja þær og vilja leggja sitt af mörkum til þess að opna umræðuna um heimilisofbeldi enn frekar.

„Við erum að stefna á að setja upp sýninguna einhvern tímann í haust. Þetta er bara fyrsta skrefið, að safna þessum sögum og finna fólk sem er tilbúið til þess að deila þeim með okkur.“

Í síðustu viku settu þær inn auglýsingu á Facebook og hafa fengið góð viðbrögð við henni. Þær stefna á að safna fleiri sögum og hvetja bæði konur og karla til þess að hafa samband.

Allir þeir sem vilja deila sinni reynslu geta haft samband í gegnum netfangið okkarsogur@gmail.com en fyllsta trúnaðar verður gætt við alla vinnslu verksins.

- gló



**SAFNA SÖGUM** Halldóra, Hildur og Guðrún stefna á að setja sýninguna upp næsta haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**GLÆSILEGAR** Kynnar keppninnar voru stórglæsilegir og spennandi verður að sjá í hverju þeir verða næst. MYND/RÚV

# Stigvaxandi glamúr

Fatnaður Eurovision-kynnanna vakti mikla athygli.

Fatnaður kynnanna í Eurovision á laugardagskvöld vakti mikla athygli, þó einkum það að þær Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, Salka Sól Eyfeld og Guðrún Dís Emilsdóttir voru allar klæddar í svart.

Búningahönnuðurinn Filippía Einarsdóttir sá um að fötin á þær. „Ragnhildur var í æðislegum kjól frá Ýri Þrastardóttur og með hálsmen frá 1930. Gunna Dís var í Armani-pallíettujakka og Salka var í skemmtilegu pilsi úr Zara,“ segir Filippía.

Hún segir stelpurnar allar vera ólíkar og því sé gaman að kynnast þeim og fá að klæða þær. „Við völdum að vinna með litleysu síðasta laugardag. Smá „tabúla-rasa“ og „gothic“ fíling, en svo verður meira hjarta í þessu næst. Svo má búast við stigvaxandi glamúr næstu kvöld,“ segir Filippía. Hún segir það skipta höfuðmáli að stelpunum líði vel í fötunum og að orkan sé góð á sviðinu. „Maður er eiginlega kominn með þjóðina beint inn á rúmgafl og það er svo gaman að valda smá fjaðrafoki og heyra skoðanir fólks,“ bætir hún við.

- asi

# Halda matarboð með galopnum gestalista

Ásdís Eir Símonardóttir og Sigurður Páll Guðbjartsson halda matarboð með galopnum gestalista þar sem áherslan er lögð á góðan félagsskap og stemmingu.

„Þetta byrjaði þegar við lásum grein á netinu, ég og maðurinn minn, þá var einhver kona í Bandaríkjunum sem áttaði sig á því að þau hjónin ættu ekkert félagslíf, þau voru nýbúin að eignast barn og höfðu ekki mikinn tíma til þess að fara út og svona og ákváðu því að bjóða fólki bara heim til sín,“ segir Ásdís Eir Símonardóttir og skellihlær.

Hún hefur ásamt manni sínum, Sigurði Páli Guðbjartssyni, haldið matarboð með óvenjulegu sniði.

Hjónin ákváðu í kjölfar lestursins að halda slík matarboð einn föstudag í mánuði með galopnum gestalista. Matarboðin auglýsa þau á Facebook og gestir skrá sig í Google Docs-skjali en hámarksfjöldi er sjö manns. Þau sjá því ekki um að bjóða gestunum, heldur bjóða þeir sér sjálfir.

Í matarboðunum er meginárhersla lögð á góðan félagsskap og hversdagslega stemningu. „Pælingin með þessu var líka að þetta ætti að vera svona „low maintenance“, ekki flókið „gourmet“ matarboð. Við erum bara með einfalda, góða rétti og gestir geta komið með eitthvað með sér; salat, drykki eða eftirrétt.“

Fram til þessa hafa þau boðið upp á lasanja og spaghettí með kjötbollum en Ásdís segir helstu áskorun matarboðanna fyrir sig fólgna í því að bjóða gestum heim án þess að hafa þrifið heimilið hátt og lágt.

Matarboðunum hefur að sögn Ásdísar verið vel tekið og iðulega þétt setið við matarborðið og vonast Ásdís og Sigurður eftir því að gestalistinn verði enn fjölbreyttari þegar fram líða stundir og einstaklingar þeim ótengdir skrái sig og setjist niður til snæðings með þeim.

„Í fyrsta skipti sem við héldum þetta urðu forföll á síðustu stundu. Þá vorum við búin að sjá hverjir voru búnir að læka upphaflega statusinn okkar á Facebook og sáum fólk sem var tilvonandi nágrannar okkar. Þannig vildi til að þetta var fyrrverandi kærasti systur hans frá unglingsárunum þannig að við buðum þeim bara,“ segir Ásdís og bætir við glöð í bragði: „Svo núna eru þau nágrannar okkar og við heilsumst og spjöllum saman af því að við erum búin að bjóða þeim í matarboð.“



**BJÓÐA Í MAT** Ásdís og Sigurður halda matarboð með opnum gestalista og mæla með að fleiri prófi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRIMARINÓ

> **Pælingin með þessu var líka að þetta ætti að vera svona „low maintenance“, ekki flókið „gourmet“ matarboð.**

Ásdís segir samræðurnar í matarboðunum lítið vandamál og engar óþægilegar þagnir, því mæli þau hjónin heilshugar með því að fleiri fylgi þeirra fordæmi.

gydaloa@frettabladid.is




# Grófu upp Nei er ekkert svar

Hefnendurnir sýna „óhreinu börnin“ í kvikmyndasögunni á bíókvöldum.

Íslenska kvikmyndin Nei er ekkert svar verður sýnd á skemmtistaðnum Húrra í kvöld. Myndin, sem kom út í lok árs 1995, var mjög umdeild á sínum tíma. Hún var ekki gefin út á myndbandi eftir sýningar í bíó og hefur verið nánast ófáanleg.



**JÓHANN ÆVAR GRÍMSSON**

„Við þekktum bara aðila sem tengist framleiðslu myndarinnar og hann gat útvegað okkur „master“ af myndinni, sem er ekki gömul léleg VHS-útgáfa heldur „orginal“ af filmunni,“ segir Jóhann Ævar Grímsson, sem ásamt Hugleiki Dagssyni stendur fyrir sýningunni.

Þeir eru með þáttinn Hefnendurnir á Alvarpinu og standa fyrir bíókvöldum fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði, þar sem þeir að eigin sögn sýna „óhreinu börnin“ í kvikmyndasögunni. „Þessi mynd hlaut þann vafasama heiður að vera fyrsta leikna íslenska myndin sem var bönnuð börnum yngri en sextán ára. Það mætti nú mögulega mótmæla því þar sem margar verri myndir voru öllum leyfðar á undan þessari,“ segir hann.

Með aðalhlutverk í myndinni fóru þær Heiðrún Anna Björnsdóttir, sem lék sveitastelpuna Siggu, og Ingibjörg Stefánsdóttir fór með hlutverk Dídíar systur hennar. Myndin verður sýnd á Húrra klukkan 20 í kvöld og eru allir velkomnir, frítt inn og popp í boði hússins.

- asi



**BAKARÍSATRIÐIÐ** Hér má sjá Ingibjörgu Stefánsdóttur í hlutverki sínu ásamt Helgu Brögu Jónsdóttur.

# LAGERSALA

3. - 9. febrúar



ALLT AÐ **80%** AFSLÁTTUR



**FENNA** -60%

SKÍÐAÚLPA
**Verð nú kr. 19.996**
Verð áður kr. 49.990



**HRÖNN** -50%

DÖMU ÚLPA
**Verð nú kr. 16.495**
Verð áður kr. 32.990



**JÖKULL** -50%

BARNA ÚLPA
**Verð nú kr. 7.495**
Verð áður kr. 14.990



**SKUGGI** -80%

HERRA HETTUPEYSA
**Verð nú kr. 2.798**
Verð áður kr. 13.990



**VERMA** -60%

DÖMU SUPERSTRETCH PEYSA
**Verð nú kr. 7.596**
Verð áður kr. 18.990



**LEIKA** -30%

BARNA KULDAGALLI
**Verð nú kr. 12.593**
Verð áður kr. 17.990

## OPNUNARTÍMI
3. - 9. febrúar

Virka daga
12:00 - 19:00
Laugardag
11:00 - 18:00
Sunnudag
12:00 - 18:00

# FACTORY STORE

Nýbýlavegi 6 • 200 Kópavogi • Sími: 412 5869

ZO•ON ICELAND
www.zo-on.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ógleði og grindargliðnun

Þau **Anna Svava Knútsdóttir** og Hugleikur Dagsson ætla að halda með stæl upp á bollu- og sprengidag, með uppistandi. Grínistarnir standa fyrir uppistandskvöldum á Rosenberg þessa daga. Á Facebook-síðu viðburðanna kemur fram að Anna Svava, sem er komin tæpa átta mánuði á leið, ætlar að ræða opinskátt um allt milli ógleði og grindargliðnunar. Hugleikur ætlar svo að mæta með sín saklausu gamanmál sem meðal annars snerta á trúarbrögðum, rasisma og Tinder.

– vh



### Skálmöld til Evrópu

**Snæbjörn Ragnarsson** og félagar í Skálmöld eru lagðir af stað í tveggja vikna tónleikaferð um Suður-Evrópu. Fyrstu tónleikarnir verða í spænsku borginni Bilbao í kvöld. Eftir það verður förinni heitið til Portúgals, Spánar, Frakklands, Ítalíu, Grikklands, Búlgaríu og Rúmeníu, þar sem lokatónleikarnir verða haldnir. Með í för verða hljómsveitirnar Eluveitie frá Sviss og Wind Rose frá Ítalíu. Síðasta tónleikaferð Skálmaldar um Evrópu stóð yfir í einn og hálfan mánuð undir lok síðasta árs og gekk eins og í sögu. Hljómsveitin er að fylgja eftir plötunni Með vættum sem kom út í fyrra.

- fb



### Mest lesið VÍSIR

1 Erfiðir átta mánuðir borgarfulltrúa: Tóku ákvörðunina varðandi Gústaf sjálfar
2 Super Bowl partý á Ölveri leyst upp af lögreglu
3 Slapp ómeiddur eftir þriggja metra fall: „Það er kraftaverk að barnið sé óhult“
4 Frá Alaska til Abu Dhabi: Ferðir forsetans frá 2012
5 Björgunarsveitir komnar að fólkinu
6 Einn besti Super Bowl-leikur sögunnar


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



# Frábært verð á stillanlegum rúmum
## Gerðu gæða- og verðsamanburð




KORTER.IS

**IQ-CARE**
**Ein besta heilsudýna í heimi**
**Svæðisskipt þrýsijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Einnig úrval af heilsukoddum**

REVERIE 3E Essential með IQ care heilsudýnu 2x90x200 cm
**Verð aðeins kr. 399.900.-**

REVERIE 7S Supremem með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
**Verð aðeins kr. 499.900.-**

Kíktu á www.reverie.com

Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu heilsudýnum

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.

**Frábær hönnun**

- Hægt er að fá aukabúnað til að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- Glæsileg fjarstýring með standi.
- Tvær innstungur á baki til að hlaða farsíma, fartölvu o.fl.
- Einnig hægt að tengja borðlampa o.fl.

Ný sending af glæsilegum hvíldarsófum og stólum frá JASON

*Jason Milano*

Vandaður fjölstillanlegur leðursófi á verði sem kemur á óvart
Litir: Ljóst / beige, kaffibrúnt, svart
Stærð: Breidd 289 cm dýpt 220 cm



Lúxus hornsófi með þykku gæðaleðri.
Tvö rafstillanleg sæti, hlið við hlið ásamt stillanlegum höfuðpúðum. Hægri eða vinstri tunga.


Baldursnesi 6 - Akureyri


Listhúsið - Reykjavík

*3.5% lántökugjald

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa
★★★★★
**Fimm stjörnu verslun**
**Listhúsinu Laugardal** - Sími 581 2233
**Baldursnesi 6, Akureyri** - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

**www.svefn.is**

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum